

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS ÁRSSKÝRSLA 2016-2017



ÁRSSKÝRSLA 2016-2017
AÐALFUNDUR SA 29. MARS 2017

EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS	4
VINNUMARKAÐURINN 2016-2017	6
UMHVERFISMÁL	8
LÍFEYRISMÁL	9
MENNTAMÁL	10
ÍSLENSK MÁLTÆKNI	13
SAMFÉLAGSÁBYRGÐ	14
AUKIÐ TRAUST TIL ATVINNULÍFSINS	16
JAFNRÉTTISMÁL	18
HVER BAKAR ÞJÓÐARKÖKUNA?	20
EFNAHAGSMÁL	22
SAMKEPPNISHÆFNI	24
ERLEND SAMSKIPTI	27
KYNNING OG MIÐLUN	29
STÖRF STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRNAR	36
SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA	38
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA	39
REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2016	41
EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2016	42
SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRIÐ 2016	43
REKSTRARREIKNINGUR DEILDARSKIPTUR	44
VINNUDEILUSJÓÐUR	45

ÁVARP FORMANNS



Í janúar 2013 lýstu SA og ASÍ yfir vilja samtakanna að fara þess á leit við aðila opinbera vinnu- markaðarins að setja markmið um bætt vinnu- brögð við gerð kjarasamninga. Byggt yrði á fyrirmyndum í nágrannaríkjunum þar sem sátt ríkir á vinnumarkaðnum um að kjarasamningar fyrirtækja í alþjóðlegri samkeppni marki svigrúm til launabreytinga og aðrir kjarasamningar byggja á þeim. Kjarasamningar í þessum anda voru gerðir á almenna vinnumarkaðnum um áramótin 2013 og 2014 en stefna þeirra var brotin niður með samningum stéttarfélaganna háskólagenginna starfs- manna sveitarfélaga og ríkisins skömmu síðar.

Enn freistuðu samningsaðilar á almennum vinnumarkaði þess 2015 að móta kjarastefnu sem gæti orðið fyrirmynd annarra en sú stefna beið skipbrot með gerðardómi sem batt enda á kjaradeilur BHM og hjúkrunarfræðinga og ríkisins.

Rammasamkomulag var gert í október 2015 milli ASÍ, BSRB, SA, ríkisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar um breytt og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Samkomulagið er einstakt í sögu íslensks vinnumarkaðar og markaði tímamót, en andstaða BHM og KÍ við það var mikið áhyggjuefni. Samkomulagið fól í sér sameiginlega launastefnu til

ársloka 2018, meginatriði nýs samningalíkans til framtíðar og virkt samstarf aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda. Launastefnan fólst í því að umsamar launabreytingar í kjarasamningum skyldu að hámarki nema 32% á tímabilinu nóvember 2013 til ársloka 2018.

Í nýliðnum febrúar brjóta enn og aftur kjarasamningar í opinbera geiranum forsendur samninga á almennum vinnumarkaði. Að auki hafa úrskurðir kjararáðs um laun kjörinna fulltrúa, æðstu embættismanna og forstjóra ríkisfyrirtækja gengið þvert á launastefnuna sem aðilar, þeirra á meðal ríkið, mótuðu í fyrr- greindu samkomulagi. Auðvitað átti kjararáð að leggja launastefnu rammasamkomulagsins til grundvallar við ákvarðanir sínar.

Markmiðið með starfi SA og ASÍ er að tryggja öllu launafólki sambærilegar launahækkningar á samningstímanum en augljós forsenda þess er að einstakir hópar sæki ekki frekari hækkningar vegna sterkra stöðu gagnvart vinnuveitendum sínum. Þvert á móti ráðist launahækkningar af stöðu útflutnings- og samkeppnisgreina. Launaþróunin ræðst því af aukinni framleiðni fyrirtækjanna, gengi krónunnar, vöxtum og almennri efnahagsþróun innanlands.

Forsendunefnd SA og ASÍ ákvað í febrúarlok að kjarasamningar aðila haldi gildi sínu a.m.k. fram til loka febrúar 2018 þegar næst verða metnar forsendur þeirra. Ástæðan er m.a. sú að á árinu kemur fjöldi kjarasamninga til endurnýjunar. Vonast er til að niðurstaða þeirra rúmist innan launastefnu rammasamkomulagsins og að aðrir samningsaðilar á vinnumarkaði muni fallast á að launaliðir síðustu kjarasamninga grunnskóla- og tónlistarkennara skapi ekki fordæmi fyrir hækkningar hjá öðrum.

Mikill ávinningur er í því fólginn fyrir samfélagið allt að betri vinnubrögð við gerð kjarasamninga nái fram að ganga. Í skýrslu, sem aðilar rammasamkomulagsins fengu Steinar Holden, prófessor í Osló til að semja, komu fram brýn almenn varnaðar- orð. Íslendingar hafi ekki dregið lærdóm af dýrkeyptri og síendurtekinni reynslu af ýktum hagsveiflum þar sem á skiptast ofþensluskeið og langvarandi kreppur. Launahækkningar sem ekki samrýmast verðbólgu markmiði Seðlabankans og meðfylgjandi of hröð kaupmáttaraukning geti leitt til harkalegrar niðursveiflu. Að mati Steinars verða kjarasamningar að byggja á sameiginlegum skilningi aðila á nauðsyn þess að launaþróunin sé sjálfbær og að „hóflugar launahækkningar eru almannagæði sem koma öllum vel“. Sátt þurfi að ríkja um að niðurstaðan sé sanngjörn og að ekki ríki tilfinning um að ákveðnir hópar fái óeðlilega stóran skerf í sinn hlut. Aukinn hagnaður fyrirtækja þurfi að skila sér í aukinni fjárfestingu en ekki einungis í hærri arðgreiðslum og launum æðstu stjórnenda.

Gengi krónunnar hefur haldið áfram að styrkjast frá því að samningarnir voru undirritaðir sem hefur m.a. þau áhrif að kaupmáttur launa hefur aukist mun meira en ráð var fyrir gert. Að sama skapi hefur þrengt að útflutningsfyrirtækjum sem fá færri krónur en áður fyrir framleiðslu sína og þjónustu.

Einnig hefur Seðlabanki Íslands haldið vöxtum hér á landi háum og raunvextir eru mun hærri hér en í öllum helstu samkeppnislöndum. Enn eru höft á fjármagnsflutningum milli landa sem nauðsynlegt

er að afnema sem fyrst. Lækkun vaxta og afnám hafta eru nauðsynlegar aðgerðir til að stöðva hækkun gengis krónunnar sem annars getur ekki endað nema með ósköpum.

Samtök atvinnulífsins hafa ítrekað fengið vilyrði forystumanna stjórnmalaflokkanna til lækkunar tryggingargjalds. Gjaldið sem leggst á öll laun var hækkað mjög í kjölfar efnahagskreppunnar 2008 til að standa undir auknu atvinnuleysi. Þrátt fyrir að atvinnuleysið hafi gengið til baka hefur ekki tekist að fá tryggingargjaldið lækkað til samræmis. Gjaldið er vondur skattur sem svarar til þess að hvert 14 manna fyrirtæki hafi fimmtánda starfsmanninn á launum.

Samtökin hafa ítrekað gagnrýnt fjármálaáætlanir ríkissjóðs sem gera ráð fyrir því að auka útgjöld jafnt og þétt og eyða jafnharðan öllum tekjum sem mikill hagvöxtur skilar hinu opinbera. Ekkert svigrúm verður til að mæta óvæntum áföllum sem án efa munu verða því Ísland er háskattaland með ríkisútgjöld í hæstu hæðum.

Góðir félagar, ég ákvað fyrir nokkru að gefa ekki kost á mér til áframhaldandi formennsku í Samtökum atvinnulífsins. Ég hef gegnt því embætti nú í fjögur ár. Þessi tími hefur verið bæði gefandi og um leið krefjandi. Ýmislegt hefur áunnist en annað ekki. Verkefni framundan eru krefjandi en leysanleg. Forysta Samtaka atvinnulífsins mun takast á við þau og leysa. Ég kveð þennan vettvang nú en mun að sjálfsgöðu styðja við forystuna þar sem niðurstöður hafa mikil áhrif á mitt fyrirtæki sem og öll önnur. Ég vil þakka öllum stjórnarmönnum sem ég hef unnið með á þessum fjórum árum fyrir gott samstarf, starfsfólki öllu fyrir gott samstarf og góð kynni og ykkur félagsmönnum í samtökunum fyrir traustið sem þið hafið sýnt mér og stuðning.

Björgólfur Jóhannsson



VINNUMARKAÐUR Í VANDA

Kjarasamningarnir milli Samtaka atvinnulífsins og aðildarféлага Alþýðusambands Íslands, sem gerðir voru í um mitt ár 2015, tryggðu að mestu vinnufrið á almenna vinnumarkaðnum fram til ársloka 2018 að tilteknum forsendum uppfylltum. Það gekk þó ekki áfallalaust. Með kjarasamningi SA og ASÍ í janúar 2016 var tryggt að samningarnir héldu gildi sínu þrátt fyrir forsendubrest sem kom til vegna nýrrar og gjörbreyttrar launastefnu af hálfu gerðardóms sem Alþingi skipaði til að binda enda á kjaradeilu aðildarféлага BHM og ríkisins haustið 2015.

Viðvarandi höfrungahlaup

Vinnufriðurinn sem samningar SA og aðildarsamtaka ASÍ tryggði opnaði að vanda sviðið fyrir einstök stéttarfélög sem standa utan heildarsamtaka til að nota stefnumarkandi samninga SA og aðildarsamtaka ASÍ sem stökkbretti til að krefjast enn frekari launahækkana sér til handa. Þetta þráláta og síendurtekna einkenni íslenska vinnumarkaðarins er yfirleitt kallað höfrungahlaup og tekur engan enda.

Flugumferðarstjórar gripu til verkfallsaðgerða í júníbyrjun 2016 og röskuðu flugi með tilheyrandi óþægindum fyrir farþega og aðila í ferðaþjónustu. Kröfur þeirra um launahækkningar voru að vanda langt umfram hækkningar í öðrum kjarasamningum. Í framhaldinu setti Alþingi lög um stöðvun verkfallsaðgerða þeirra og skipaði gerðardóm til að útkljá kjaradeiluna. Ekki kom til starfa gerðardómsins því samningar tókust innan tilskilins tímafrests.

Svipað var uppi á teningnum hjá flugfreyjum hjá Flugfélagi Íslands. Flugfreyjurnar, u.þ.b. 20 talsins, stóðu einnig fyrir ýmsum truflandi aðgerðum og felldu undirritaðan kjarasamning tvívegis í atkvæðagreiðslu. Samningar tókust að lokum í janúar 2017.

Stundarfriður

Í febrúar 2017 var farið yfir forsendur kjarasamninga SA og aðildarféлага ASÍ. Niðurstaðan varð sú að ein af forsendum kjarasamninga væri brostin, þ.e. að kjarasamningarnir hefðu verið stefnumarkandi. Þrátt fyrir það var ákveðið að kjarasamningarnir héldu gildi sínu áfram. Vinnufriður er því tryggður fram til febrúarloka 2018, en þá verður á ný fjallað um forsendur kjarasamninga og uppsagnarheimildir þeirra.

Kjarasamningar halda gildi sínu 28. febrúar 2017

Kjarasamningarnir höfðu mikil áhrif á rekstur fyrirtækja


Í könnun Samtaka atvinnulífsins meðal aðildarfyrirtækja SA síðastliðið haust kom fram að síðustu kjarasamningar hafa haft mikil áhrif á rekstur ríflega 80% fyrirtækjanna, óháð því hvort þau

starfa á útflutningsmarkaði eða heimamarkaði. Af fyrirtækjunum gripu 43% til almennrar hagræðingar í rekstri og 18% sögðu upp fólki vegna kjarasamninganna. Algengast var að fækkunin næmi 1-4 starfsmönnum, eða í 77% tilfella, 11% fækkðu um 5-9, 6% fækkðu um 10-19 og 6% fækkðu um 20-40 starfsmenn.


Fyrirtækin voru flokkuð eftir því hvort þau stunda útflutning á vörum eða þjónustu, þ.m.t. ferðaþjónustu, þjónusta heimamarkaði í samkeppni við innflutning eða heimamarkaði í takmarkaðri samkeppni við innflutning.

Sjá nánar

Áhrif síðustu kjarasamninga á rekstur fyrirtækja



Skipting fyrirtækja eftir mörkuðum






Sérstakar hækkanir lægstu launa hafa að mestu gengið upp allan launastigann

Undanfarinn áratug hafa stéttarfélag verkafólks náð fram kröfum sínum um sérstakar hækkanir lægstu launa umfram hærri laun. Kauptaxtar hafa hækkað um tiltekna krónutölur sem falið hafa í sér mun meiri hlutfallshækkanir lægstu launa en þær almennu hlutfallshækkanir sem um hefur samist. Slíkar kröfur njóta iðulega mikils stuðnings almennings og stjórnámálmanna, a.m.k. í orði kveðnu. Stuðningur við slíka kjarastefnu byggir á sanngirnissjónarmiðum og þeirri staðreynd að lægstu laun eru alltaf talin lág og illa duga til framfærslu. Meginfalli stefunnar er hins vegar sá að launabil geta þrængst um of og því eru takmörk sett.

Mikil reynsla hefur þannig myndast af slíkum aðgerðum á íslenskum vinnumarkaði og hefur útkoman í flestum tilvikum verið sú að sérstakar hækkanir lægstu launataxta skila sér í sambærilegum hækkunum ofar í launastiganum þótt misjafnt sé hve langan tíma það hefur tekið. Persónubundnir samningar starfsmanna og fyrirtækja taka fremur mið af framleiðni starfsmanna, framboði og eftirspurn, en miðlægum ákvörðunum í kjarasamningum og leita hlutfallsleg laun með tímanum í sama horf og þau voru fyrir hinar sérstöku hækkanir lægstu launa.

Sjá nánar

Launahækkanir



UMHVERFISMÁL

Umhverfismál eru fléttuð inn í alla stefnumótun Samtaka atvinnulífsins. Fyrirtækin og samtök þeirra hafa sjálfbæra nýtingu auðlinda að leiðarljósi enda tryggir það hag lands og þjóðar til langs tíma. Flest fyrirtæki draga úr sún og minnka úrgang eins og frekast er unnt enda er það lykilkþáttur til að ná árangri í rekstri.

Loftslagsmálin

Stærsta verkefnið næstu áratugina er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með það að markmiði að hægja á loftslagsbreytingum. Íslendingar standa framarlega á þessu sviði þar sem nánast öll raforkuframleiðsla og orka til húshitunar er úr endurnýjanlegum orkugjöfum.

Parísarsamkomulagið sem náðist undir lok árs 2015 og Ísland staðfesti á síðasta ári setur metnaðarfull alþjóðleg markmið um að draga úr losun. Þar þurfa allir að leggja sitt af mörkum. Ísland, Noregur og ESB taka á sig sameiginleg markmið gagnvart alþjóðasamningum.

Skipta má losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi í tvo hluta; annars vegar losun frá fyrirtækjum sem falla undir evrópska viðskiptakerfið með losunarheimildir (ETS) og hins vegar aðra losun.

Fyrirtækin sem falla undir ETS-kerfið búa við sömu almennu reglur og gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Þeim er gert að draga úr losun jafnt og þétt og miðast kröfurnar við þá sem bestum árangri ná á hverju sviði. Þau fyrirtæki sem undir þetta falla hér á landi eru fyrst og fremst stóriðjufyrirtækin og einnig nær kerfið til flugsamgangna innan EES. Verði losun einstakra fyrirtækja meiri en heimilt er þurfa þau að kaupa sér viðbótarheimildir á almennum markaði. Smám saman verður dregið úr fjölda losunarheimilda í kerfinu og þá neyðast fyrirtækin til að kaupa sífellt auknar heimildir, ráðast í umbætur í rekstri eða hætta starfsemi ef það reynist ekki unnt.

Í Evrópusambandinu hefur verið unnið að löggjöf um markmið til að draga úr almennri losun gróðurhúsalofttegunda sem búast má við að taki gildi á þessu ári og verði hluti af EES-samningnum í kjölfarið. Ísland verður í hópi þeirra ríkja sem hvað mest þurfa að draga úr losun til 2030. Það verður fyrst og fremst gert með breytingum í samgöngum og nýtingu endurnýjanlegrar orku. Einnig má búast við að hluti af aðgerðum Íslands geti falist í aukinni landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis. Þótt verkefnið verði viðamikilið og taki tíma er það langt frá því að vera óyfirstíganlegt.



LÍFEYRISMÁL

AUGLÝST EFTIR STJÓRNARMÖNNUM Í LÍFEYRISSJÓÐI

Samtök atvinnulífsins óskuðu í febrúar eftir umsóknum frá hæfum einstaklingum til að taka að sér stjórnarstörf í lífeyrissjóðum. Í auglýsingu SA sem birt var í fjölmiðlum kemur fram að samkvæmt kjarasamningi SA og ASÍ skipa samtökin helming stjórnarmanna í þeim sjö lífeyrissjóðum sem eru á samningssviði aðila og er framkvæmdastjórn SA falin tilnefning stjórnarmanna.

Samkvæmt reglum sem gilda frá janúar 2017 skulu SA óska með áberandi hætti eftir því að hæfir einstaklingar, sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum SA eða hagsmunasamtökum þeirra, gefi kost á sér til starfa í stjórn lífeyrissjóða.

Leitað er að einstaklingum með fjölbreytta reynslu og þekkingu

m.a. á lífeyrismálum, stjórnun, stefnumótun, áætlanagerð og reikningshaldi, lögfræðilegum málefnum og fjármálamarkaði.

Úr þeim hópi sem gefur kost á sér til stjórnarstarfa verða tilnefndir þeir sem metnir eru hæfastir í ljósi þeirra eiginleika sem sóst er eftir í viðkomandi stjórn.

Sérstök hæfisnefnd fjallar um einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarstarfa. Nefndin leggur mat á þekkingu og reynslu umsækjenda með hliðsjón af þeim eiginleikum sem nauðsynlegt er að viðkomandi stjórn sem heild búi yfir. Að mati loknu leggur hæfisnefndin tillögu fyrir framkvæmdastjórn SA.

Umsóknir sendist í tölvupósti á stjornarseta@sa.is

Um er að ræða eftirfarandi lífeyrissjóði: Birta lífeyrissjóður, Festa lífeyrissjóður, Gildi - lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður Rangæinga, Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Stapi lífeyrissjóður.

SA óska eftir umsóknum frá hæfum einstaklingum til að taka að sér stjórnarstörf í lífeyrissjóðum

Samkvæmt kjarasamningi SA og ASÍ skipa samtökin helming stjórnarmanna í þeim sjö lífeyrissjóðum sem eru á samningssviði aðila og er framkvæmdastjórn SA falin tilnefning stjórnarmanna.

Samkvæmt reglum sem gilda frá janúar 2017 skulu SA óska með áberandi hætti eftir því að hæfir einstaklingar, sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum SA eða hagsmunasamtökum þeirra, gefi kost á sér til starfa í stjórn lífeyrissjóða. Leitað er eftir einstaklingum með fjölbreytta reynslu og þekkingu m.a. á lífeyrismálum, stjórnun, stefnumótun, áætlanagerð og reikningshaldi, lögfræðilegum málefnum og fjármálamarkaði. Úr þeim hópi sem gefur kost á sér til stjórnarstarfa verða tilnefndir þeir sem metnir eru hæfastir í ljósi þeirra eiginleika sem sóst er eftir í viðkomandi stjórn.

Sérstök hæfisnefnd fjallar um einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarstarfa. Nefndin leggur mat á þekkingu og reynslu umsækjenda með hliðsjón af þeim eiginleikum sem nauðsynlegt er að viðkomandi stjórn sem heild búi yfir. Að mati loknu leggur hæfisnefndin tillögu fyrir framkvæmdastjórn SA.

Umsóknir sendist í tölvupósti á stjornarseta@sa.is

Um er að ræða eftirfarandi lífeyrissjóði:
Birta lífeyrissjóður, Festa lífeyrissjóður, Gildi - lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður Rangæinga,
Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Stapi lífeyrissjóður

MENNTAMÁL

Samtök atvinnulífsins eiga víðtækt samstarf við stjórnvöld, samtök launafólks og mennta- og rannsóknastofnanir um menntamál. Samstarf við verkalyðshreyfinguna er náið og hefur staðið um langa hríð um mörg brýn hagsmunamál á sviði menntunar og fræðslu, innan sem utan fyrirtækja. Mikill samhljómur er með aðilum vinnu- markaðarins í menntamálum.

Stytting bóknáms í framhaldsskólum kom til framkvæmda árið 2016 en hægar hefur gengið að ná fram breytingum á starfsnámi. Stefnumörkun SA um verk- og starfsnám er umfjöllunarefni í ársskýrslu SA 2015-2016. Menntamálaráðherra lagði fram frumvarp um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem SA lýstu stuðningi við. Í því er gert ráð fyrir námsstyrkjum og fólk hvatt til að ljúka námi sínu á eðlilegum tíma. Lán ofan á styrki bera hærrí vexti en verið hefur samkvæmt frumvarpinu. Það varð ekki að lögum fyrir kosningar.



Rammi um alla menntun

Í október 2016 var yfirlýsing um hæfniramma um íslenska menntun undirrituð. Það gerðu menntamálaráðherra, Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Kvasir, Leiknir, og Bandalag háskólamanna, Samtök íslenskra framhaldsskólanema og Landssamtök íslenskra stúdenta. Hæfniramminn endurspeglar stigvaxandi kröfur í formlegu og óformlegu námi á Íslandi. Hæfniramminn sem er af evrópskum meili hefur tvíþætta tilgang; annars vegar að auka gagnsæi innan menntakerfis viðkomandi lands, hins vegar að auka gagnsæi milli menntakerfa. Íslenski ramminn telur sjö hæfniprep. Hæfnikröfur ná til þekkingar, leikni og hæfni í verkefnum, starfi og samskiptum.

Undirritun hæfnirammans markaði tímamót. Hann varpar ljósi á ævilanga menntun, menntun sem fer fram bæði við nám og störf. Samábyrgð er á innleiðingu og kynningu á hæfniramma og verður sérstök áherslu lögð á að þróa aðferðir við að skilgreina námslok og tengja óformlegt nám við hæfniprep rammans.

[Yfirlýsing um hæfniramma um íslenska menntun \(PDF\)](#)



Starfsmenntun á forsendum fyrirtækja

Áttin - vegfátt til að auðvelda fyrirtækjum að sækja um styrki í starfsmenntasjóði varð að veruleika á árinu og hefur þegar skilað því að umsóknur frá fyrirtækjum hefur fjölgað. Starfsmenntasjóðir styrkja einstaklinga og fyrirtæki til að efla þekkingu og hæfni fólks í starfi. Styrkir til fyrirtækja geta verið til þess að halda hefðbundin námskeið, fá fræðslustjóra að láni, efla eigin fræðslu innan fyrirtækisins eða til að standa að rafrænni fræðslu. Auk þess að búa til vegfátt sem næði til um 80% starfsmanna á almenna markaðnum, felst í verkefninu kynningarátak þar sem fræðsluerindrekum frá sjóðum og símenntunarmiðstöðvum var falið að heimsækja tæplega eitt þúsund fyrirtæki á almennum markaði um land allt og kynna þeim starfsmenntasjóði, Áttina og framboð fræðslu símenntunarstöðva og stofnana á hverjum stað. Þessu verki hefur miðað vel. Er gert ráð fyrir að því ljúki á vormánuðum og að árangur verkefnisins verði metinn í árslok.

[Áttin - vegvísir að færni](#)

Fundaröð um menntamál

Á síðasta ári var haldin fundaröð í Húsi atvinnulífsins þar sem rætt var um ýmsa fleti starfsmenntamála. Í febrúar var farið yfir hvernig raunfærnimat gagnast fyrirtækjum, í apríl var fjallað um erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði, í október var sagt frá verkefni um að þjálfá þá sem þjálfá nýliða í ferðaþjónustu, sem hafa haft ærin verkefni á árinu.

Nýverið kom fram á vef Hagstofunnar að 8.400 störf hefðu orðið til 2016. Tvítugi árgangurinn það ár telur tæplega 4.700, en sextíu og sjö ára árgangurinn um 3.100. Með þá vísbandingu um nýliðun á vinnumarkaði og að atvinnuleysi er ekki mikið má segja að líklega hafi nálægt fimm þúsund nýrra starfa, verið unnin af erlendu starfsfólki.

Nýliðafræðsla í fyrirtækjum er því umfangsmikið verkefni. Rétt eins og það er mikið verkefni að kenna ungmennum í skólum um samfélagið og til starfa er það mikið verkefni að auka hæfni og þekkingu starfandi fólks þar með talið nýrra erlendra liðsmanna í fyrirtækjum landsins. Menntamál á vettvangi atvinnulífsins eru, meðal annars vegna þessa, bæði um menntun í skólum og menntun í starfi og lífi.

Tilraunaverkefni um fagháskóla

Samtök atvinnulífsins ásamt ASÍ og BSRB og mennta- og menningarmálaráðuneyti stofnuðu í október 2016 150 milljóna króna þróunarsjóð um fagháskólanám. Byggt var á tillögum verkefnishóps sem starfað hafði frá 2015. Sjóðurinn kostar þróun og kennslu fimm tilraunanámsleiða sem ætlað er að nýtist sem fyrirmyndir um skipulag, nám og gæði í fagháskólanámi. Sjóðurinn á líka að standa straum af kostnaði við rekstur fagháskólaverkefnisins, kynningu þess og innleiðingu.

Sjóðinn á að nýta vorið 2017 og skólaárið 2017-18. Í tillögum verkefnahópsins er ekki gert ráð fyrir að skólinn verði tengdur ákveðnum háskóla heldur nýtt þekking og reynsla úr fræðasamfélaginu og atvinnulífinu til að bjóða upp á viðbótarnám sem svarar nútímakröfum í iðn-, verslunar-, heilbrigðis- og tæknigreinum.





Endurskoðun laga um framhaldsfræðslu

Í mennta- og menningarmálaráðuneytinu er verið að endurskoða lög um framhaldsfræðslu sem sett voru árið 2010. Lög um þessa fimmtu stoð menntakerfisins fjalla um úrræði fyrir fólk á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið námi úr framhaldsskóla. Úrræðin eru í grófum dráttum þrenns konar, nám sem sniðið er að fullorðnu fólki, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf. Aðilum vinnumarkaðarins finnst þróun framhaldsfræðslunnar hafa verið ör og að bútasamur við gildandi lög sé síðri kostur en að endurskoða lög um gildissvið, samstarf aðila, útfærslur og fjármögnun. Lagt er til að gengið verði m.a. út frá tillögum verkefnahóps um framhaldsfræðslu frá 2015.

Tillögur verkefnahópsins

Ungir frumkvöðlar

SA styðja alþjóðlega verkefnið Ungir frumkvöðlar þar sem ungt fólk í framhaldsskólum er hvatt til að leggja fram hugmyndir um nýjungar sem gætu orðið grunnur að fyrirtæki. Leiðbeinendur aðstoða við að þróa hugmyndir og gera viðskiptaáætlun. Verkefnin eru kynnt á sýningu sem haldin hefur verið í Smáralind á vordögum. Þar eru bestu hugmyndirnar verðlaunaðar og einhverjar valdar til þátttöku í samevrópski keppni. Fjöldi hugmynda og verkefna hafa orðið til á undanförunum árum og nokkur orðið að lífvænlegum fyrirtækjum.

Heimasíða verkefnisins

Menntadagur atvinnulífsins

Það er brýnt að íslenska verði gjaldgeng í stafrænum heimi, þannig að snjalltækin tali og skilji íslensku og að öllum verði aðgengileg hjálp við að orða hugsun á íslensku. Um þetta var fjallað á menntadegi atvinnulífsins sem haldinn var í fjórða sinn í byrjun febrúar 2017 en öll aðildarfélög SA standa að deginum.

Þar kom meðal annars fram, að enskúareiti, sem á sér rót m. a. í snjalltækjavæðingu sem nær til ungra barna, byrjar nú fyrr og á meðan börn eru enn að ná tókum á móðurmálinu. Var það mál manna að ekkert eitt fyrirtæki eða ein stofnun geti leyst þennan vanda heldur þurfi margir, og samfélagið allt, að leggjast á eitt við að tryggja fótfestu íslenskunnar á stafrænni öld.

Á menntadeginum afhenti forseti Íslands Alcoa Fjarðaáli menntaviðurkenningu ársins og Keilir var útnefndur menntasproti ársins. Í málstofum var fjallað um tækniþróun og breyttar áherslur í menntamálum, um hæfni, fræðslu og arðsemi í ferðaþjónustu og um fagháskóla.

Menntadagur atvinnulífsins 2017

Stjórnir og nefndir

Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins sitja víða í stjórnum og nefndum á sviði menntunar og nýsköpunar. Starfsmenn SA taka virkan þátt í starfi sem þessu tengist og beita sér fyrir því að stefnumótun styðji beint og óbeint við samkeppnishæfni fyrirtækja. Má hér nefna Tækniþróunarsjóð, Vísinda- og tækniráð, Tækniskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð, Vinnustaðanámssjóð og nokkra starfsmenntasjóði á borð við SVS, Starfsafl, Landsmennt og menntasjóð rafiðnaðarins auk menntunarsjóðs verkstjórásambands Íslands.

Mennta- og nýsköpunarsvið SA

ÍSLENSK MÁLTÆKNI

Framundan eru breytingar þar sem sífellt fleiri störfum verður sinnt af vélum, tækjum og tólum. Einnig að tækjum verður stýrt meira eða minna með röddinni. Í notkun eru símar, bílar, ísskápar, þvottavélar og margvísleg önnur tæki sem geta brugðist við mæltu máli. Gallinn er að tungumál tækjanna er í flestum tilvikum enska.

Verk að vinna

Hér á landi er nauðsynlegt að til séu tækni og tól sem skilja íslensku og geta breytt mæltu máli í skrifaðan texta. Einnig að til séu öflugar vélar sem geta þýtt erlendan texta yfir á íslensku. Í því skyni verður að vera unnt að færa útgefnar þýðingar á erlendum bókum í gagnagrunn ásamt upphafstextanum. Þannig verða smám saman til öflugir gagnagrunnar sem einungis eru nýttir í þessum tilgangi en ógna ekki höfundarrétti.

Einnig verða að vera til öflug leiðréttingarforrit sem leiðréttu ekki einungis stafsetningu heldur einnig fallbeygingu og laga skrifaðan texta að öðrum reglum íslensks máls. Við þetta verður ekki notast við erlend leiðréttingarforrit. Við þurfum íslenskar vélrænar málfarslöggur því það er ekkert þágufall á ensku.

Íslenskan í hættu

Verði ekkert að gert, er hætta á að íslenskan muni eiga erfitt uppdráttar þegar fram í sækir og að enska verði ráðandi í samskiptum ungs fólks. Einnig að smám saman tapist samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja sem geta ekki átt jafn auðveld og greið samskipti við innlenda viðskiptavinum sína og samkeppnisaðilar í nálægum löndum.



Máltækni er svið sem er dæmigert fyrir svokallaðan markaðsbrest það er ekkert eitt fyrirtæki og engin ein stofnun í stakk búin til að ráðast í þetta umfangsmikla verkefni. Það mun taka tíma að komast jafnfætis öðrum þjóðum og það mun kosta samfélagið töluvert fé.

Fjárfest í framtíðinni

Samtök atvinnulífsins ásamt Samtökum iðnaðarins og nokkrum fjármálafyrirtækjum ákváðu að leggja ríflega 5 milljónir króna á móti jafn hárrí fjárhæð frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að undirbúa tímasetta og vel skilgreinda aðgerðaáætlun að verkefnislýsingu um uppbyggingu á innviðum íslenskrar máltækni.

Í kjölfarið voru veittar 50 milljónir króna á fjárukalögum 2016 til átta mánaða undirbúningsverkefnis þar sem lögð er áhersla á kortlagningu tækni á sviði máltækni, stefnumörkun og vali á tæknilegri útfærslu fyrir íslensku, stöðumati á gagnasöfnum fyrir samhlíða málheildir ásamt fjárhags- og verkáætlun til fimm ára fyrir markáætlun um íslenska máltækni sem á að ljúka með skilgreindri verkefnislýsingu, aðgerðaáætlun og skilgreiningu fjárfestingaráætlunar. Verkefnið er undirbúningur fyrir uppbyggingu tæknilegra innviða fyrir íslenska máltækni.

Og hvað svo?

Eðlilegt næsta skref er að efnt verði til fimm til sjö ára átaks til að efla máltækni, menntun á því sviði, rannsóknir og tækniþróun. Samtök atvinnulífsins hafa kallað eftir því að sett verði af stað sérstök markáætlun þar sem hvatt er til samstarfs fyrirtækja, stofnana og háskóla þannig að unnt verði að sækja um styrki til einstakra verkefna sem rúmast innan þessa sviðs gegn ákveðnu móframlagi.

SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

Sífelld fleiri fyrirtæki taka samfélagsábyrgð föstum tökum, innleiða hana með skipulögðum hætti og gera grein fyrir áherslum sínum opinberlega. Ein leið til þess er að skrifa undir Global Compact – sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð – en SA eru tengiliður Íslands við Global Compact. Yfir 20 aðilar hafa skrifað undir sáttmálann hér á landi.

Heimsmarkmið um betri heim

Samtök atvinnulífsins, Global Compact Nordic Network og Festa efndu til morgunfundar um samfélagsábyrgð í desember. Húsfyllir var á fundinum enda vaxandi áhugi á málefnum í atvinnulífinu. Hörður Vilberg, forstöðumaður samskipta hjá Samtökum atvinnulífsins, sagði frá Global Compact, sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð og samstarfi fyrirtækja á Norðurlöndum.

Þá fjallaði Eva Yngvadóttir, verkefnisstjóri á umhverfissviði Eflu, um samfélagsábyrgð hjá verkfræðistofunni sem hefur skrifað undir Global Compact. Eva kynnti mörg mjög áhugaverð verkefni sem fyrirtækið hefur ráðist í. Loks kynnti Vera Knútsdóttir, framkvæmdastjóri félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, 17 heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um betri heim.

[Heimsmarkmiðin 17](#)

Árangur og ábyrg fyrirtæki

Janúarráðstefna Festu og SA hefur fest sig í sessi sem mikilvægur vettvangur til að læra og miðla upplýsingum um samfélagsábyrgð. Í ár var ráðstefnan haldin í fjórða sinn og var fjölbreytt þekking borin á borð ásamt því að stjórnendur deildu reynslu sinni um hvernig hægt er að ná árangri í rekstri og hafa jákvæð áhrif á samfélagið um leið.

Ráðstefnan var fjölsótt og heppnaðist vel en sérstakur gestur ráðstefnunnar var Georg Kell fyrsti framkvæmdastjóri Global Compact – sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð. Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, setti ráðstefnuna fyrir hönd samtakanna og sagði frá auknum áhuga íslenskra fyrirtækja á því að taka samfélagsábyrgð föstum tökum með því að skrifa undir Global Compact.

[Samantekt á vef Festu](#)

Global Compact

Um er að ræða eitt öflugasta framtakið í heiminum á sviði samfélagsábyrgðar fyrirtækja. Sameinuðu þjóðirnar hleyptu verkefninu af stokkunum í júlí árið 2000 og hafa verið sett fram 10 viðmið sem fyrirtæki setja sér að fara eftir. Fyrirtæki sem taka þátt í verkefninu geta notað Global Compact til að gera viðskiptavinum sínum, birgjum og opinberum aðilum grein fyrir samfélagsstefnu sinni. Aukin krafa er um að fyrirtæki geri opinberlega grein fyrir hvernig þessum málum er háttað hjá þeim.

VIÐMIÐ GLOBAL COMPACT



MANNRÉTTINDI

- Viðmið 1: Fyrirtæki styðja og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda.
Viðmið 2: Fyrirtæki fullvissa sig um að þau gerist ekki meðsek um mannréttindabrot.

VINNUMARKAÐUR

- Viðmið 3: Fyrirtæki styðja við félagafrelsi og viðurkenna í raun rétt til kjarasamninga.
Viðmið 4: Fyrirtæki tryggja afnám allrar nauðungar- og þrælkunarvinnu.
Viðmið 5: Virkt afnám allrar barnavinnu er tryggt.
Viðmið 6: Fyrirtæki styðja afnám misréttis til vinnu og starfsvals.

UMHVERFI

- Viðmið 7: Fyrirtæki sýni varúð í umhverfismálum.
Viðmið 8: Fyrirtæki hafi frumkvæði að því að hvetja til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfinu.
Viðmið 9: Fyrirtæki hvetji til þróunar og nýtingar á umhverfissvænni tækni.

GEGN SPILLINGU

- Viðmið 10: Fyrirtæki vinni gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum.

Alls hafa 20 aðilar skrifað undir Global Compact á Íslandi en viðbúið er að það fjölgi í hópnum á næstu vikum og mánuðum. Nú þegar hafa Ölgerðin, Síminn, ÁTVR, Festa, Össur, Íslandsbanki, Íslandsstofa, Íslandspóstur, Alta, Landsbankinn, Landsvirkjun, Reykjaragður, Réttur, Arctic Green Energy, Marel, Sólar, Efla, Isavia, Arion banki og Mannvit skrifað undir sáttmálann.

Meira en níu þúsund fyrirtæki hafa skrifað undir Global Compact í heiminum í 164 löndum. Sameinuðu þjóðirnar hafa sett sér það markmið að 20 þúsund fyrirtæki hafi skrifað undir sáttmálann árið 2020.

Norrænt þekkingarnet

SA eru tengiliður við norrænt tengslanet Global Compact en á þriðja hundrað framsækinnna fyrirtækja á Norðurlöndum eiga aðild að því. Tvisvar á ári eru haldnar ráðstefnur á vegum Global Compact Nordic Network þar sem fjallað er um samfélagsábyrgð fyrirtækja og stjórnendur deila reynslu sinni hver með öðrum.

Netið fundaði í Osló dagana 12.- 13. október í höfuðstöðvum Statoil þar sem heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna voru til umfjöllunar ásamt því sem efst er á baugi sjálfbærrar þróunar. Í maí verður efnt til ráðstefnu í höfuðstöðvum Volvo í Gautaborg þar sem fjallað verður m.a. um sjálfbærar borgir og samfélög.

Næsta haust er svo komið að Íslandi að vera gestgjafi Global Compact Nordic Network. Þeir sem vilja fylgjast með starfi netsins geta gerst áskrifendur að rafrænu fréttabréfi þess eða heimsótt vefsíðu þess.

Global Compact Nordic Network



TRAUST TIL ÍSLENSKRA FYRIRTÆKJA FER VAXANDI

Traust almennings til íslenskra fyrirtækja fer vaxandi og hefur ekki verið hærra frá því að mælingar hófust árið 2010. Þá bera fjórir af hverjum fimm einstaklingum traust til eigin vinnuveitanda. Þetta eru niðurstöður viðhorfskönnunar sem unnin var af Gallup fyrir Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands.

Íslensk fyrirtæki vinna sér inn traust á ný

Í kjölfar efnahagshrunsins minnkaði traust almennings til margra aðila. Íslensk fyrirtæki voru þar engin undantekning og fóru traustið lægst niður í 37% árið 2012. Síðan þá hefur traustið hins vegar aukist umtalsvert ár frá ári og stendur traustið nú í 58%. Það er mesta traust til íslenskra fyrirtækja sem mælt hefur hjá Gallup frá því að mælingar hófust árið 2010.

Svipaða sögu er að segja af vinnuveitendum. Þar fór hlutfallið lækkanði á svipuðu tímabili og fór neðst í 69% árið 2014. Síðan þá hefur hlutfallið hækkað upp í 80% svo fjórir af hverjum fimm einstaklingum bera traust til eigin vinnuveitanda í dag. Þetta hlutfall hefur einungis einu sinni verið hærra, eða 81% árið 2010.

Mikið traust samanborið við aðra


Vinnuveitendur sem og íslensk fyrirtæki njóta nú mikils trausts samanborið við aðra aðila. Einungis Landhelgisgæslan mælist með meira traust en íslenskir vinnuveitendur. Þá eru íslensk fyrirtæki í fimmta sæti af 18 yfir þá aðila sem almenningur ber mest traust til.

Traust styrkir grundvöll góðra lífskjara

Traust í viðskiptum skiptir sköpum fyrir verðmætasköpun og betri lífskjör. Íslensk fyrirtæki bera mikla ábyrgð í þeim efnum og geta gert ýmislegt til að efla traust. Virk upplýsingagjöf, ábyrg hegðun gagnvart samfélaginu og uppbyggilegt samtal við helstu hagaðila eru allt lóð á vogarskálar aukins trausts.

Traust til ólíkra aðila

Hlutfall svarenda sem ber traust til viðkomandi aðila¹



- Allir þeir aðilar sem Gallup hefur birt niðurstöður fyrir á öllu tímabilinu eru sýndir til samanburðar.
- Ekki var spurt um eigin vinnuveitanda eða íslensk fyrirtæki árið 2015 svo niðurstaða þess árs er meðaltal ársins á undan og á eftir. Niðurstöður árið 2016 eru frá júní/júlí en febrúar fyrir samanburðaraðila sem gæti valdið einhverri skekkju í samanburði.

Heimildir: Gallup, Samtök atvinnulífsins, Viðskiptaráð Íslands


Það er jafnframt mat Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs Íslands að með því að fylgja góðum stjórnarháttum megi efla almennt traust gagnvart viðskiptalífínu enn frekar. Í því samhengi er vert að benda á Leiðbeiningar um góða stjórnarhætti sem samtökin hafa gefið út í samstarfi við Nasdaq Iceland. Leiðbeiningunum er meðal annars ætlað að skýra hlutverk og ábyrgð stjórnenda fyrirtækja og auðvelda þeim þannig að rækja störf sín og um leið treysta hag hluthafa, fjárfesta og annarra hagsmunaaðila.

Nýjustu niðurstöður Gallup eru hvatning fyrir íslensk fyrirtæki og það er von Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs Íslands að unnt verði að efla traust enn frekar á komandi árum. Til að svo megi verða er mikilvægt að samtal helstu hagsmunaaðila fari fram á uppbyggilegum og málefnalegum grunni. Það eru sameiginlegir hagsmunir atvinnulífs og almennings að styrkja grundvöll góðra lífskjara enn frekar.

Sjá nánar

Traust til ólíkra aðila

Hlutfall svarenda sem ber traust til viðkomandi aðila¹



1. Allir þeir aðilar sem Gallup hefur birt niðurstöður fyrir árið 2016 eru sýndir til samanburðar. Niðurstöður um vinnuveitendur og fyrirtæki eru frá júní/júlí en febrúar fyrir samanburðaraðila sem gæti valdið einhverri skekkju við samanburð.

Heimildir: Gallup, Samtök atvinnulífsins, Viðskiptaráð Íslands

JAFNRÉTTISMÁL

Samtök atvinnulífsins leggja ríka áherslu á jafnrétti kynjanna. Þann 24. október birtu SA heilsíðuauglýsingar þar sem vakin var athygli á því að fyrirtæki sem mismuna fólki í launum eftir kynferði brjóta lög, sóa verðmætum og standa sig verr í samkeppni á markaði.

„Það er mikilvægt að stjórnendur haldi vöku sinni og mismuni ekki starfsfólki af gáleysi heldur nýti krafta allra jafnt,“ segir í auglýsingum samtakanna sem birtust í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu.

Þar segir ennfremur:

„Kynbundinn launamunur á sér margar ástæður og verður ekki upprættur með lögum eða reglugerðum. Viðhorfsbreytingar er þörf á fjölmörgum sviðum. Karlar og konur þurfa að bera jafna ábyrgð á heimilinu. Foreldrar, skólakerfið og samfélagið allt þarf að stuðla að breytingum á náms- og starfsvali ungmenna til að brjóta upp kynskiptan íslenskan vinnumarkað.“

Stjórnendur og starfsfólk geta lagt sitt af mörkum til þess að börnin okkar þekki ekki hugtakið kynbundinn launamunur þegar þau koma út á vinnumarkaðinn.“

Hvatningarverðlaun jafnréttismála

Ragnheiður Elín Árnadóttir, þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, veitti Íslandsbanka, Hvatningarverðlaun jafnréttismála fyrir árið 2016 á morgunfundinum Er pláss fyrir jafnrétti í nýsköpun?

Í áliti dómnefndar segir meðal annars: „Fyrirtækið hefur lagt ríka áherslu á jöfn tækifæri kvenna og karla og með markvissum hætti aukið hlut kvenna í yfirstjórn þess og aukið þannig hlut kvenna í karllægum geira.“

Ennfremur segir í umsögninni:

„Þá hefur fyrirtækið farið af stað með verkefni sem hafa það að markmiði að auka jafnrétti og stuðla að aukinni framgöngu kvenna innan fyrirtækisins og í atvinnulífinu almennt. Áhersla er lögð á



velliðan í starfi og sveigjanleika þar sem því verður við komið til að samræma vinnu og fjölskyldulíf. Feður jafnt sem mæður eru hvött til að nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs. Sá árangur sem fyrirtækið hefur náð í jafnréttismálum ber þess merki að unnið hefur verið markvisst að þessum málaflokki um árabíl með góðum árangri.“

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, veitti verðlaununum viðtöku.

„Við erum mjög stolt af því að fá þessa viðurkenningu fyrir okkar störf í þágu jafnréttismála. Stjórn og starfsfólk Íslandsbanka hefur unnið markvisst að því að stuðla að jafnrétti á vinnustaðnum og það er okkar trú að þetta markmið eigi að vera hluti af menningu fyrirtækisins. Við horfum ennþá upp á launamun kynjanna í íslensku atvinnulífi sem er óásættanlegt. Vonandi munu fyrirtæki leggjast í þá vinnu sem þarf til að útrýma þeim mun og bæta þannig stöðu kynjanna.“


Á fundinum ræddi Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur og handhafi Hvatningarverðlaunanna 2015, um mikilvægi þess að „fremja“ jafnrétti og að það þurfi að koma að ofan innan fyrirtækja til að virka sem skyldi. Auk Bjarna ræddi Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP, þann styrk og aukna arðsemi fyrirtækja sem hafa fjölbreytta starfsmannahópa og stjórnunarteymi.

„Ég get vottað að það er mun auðveldara að hafa einsleitari stjórnendahóp í fyrirtæki eins og CCP en það er einfaldlega mun arðsamara að hafa fjölbreyttan hóp, líkt og hjá CCP sem er með fimm manna stjórnendateymi af fjórum þjóðernum, þar af þrjú karla og tvær konur.“

Dr. Þórunn Jónsdóttir, deildarforseti viðskiptadeildar við Háskólann í Reykjavík hélt erindið „Er þetta ekki bara komið?“ og ræddi m.a. um hvaða þættir væru metnir að verðleikum við hæfnismat kvenna og karla í atvinnulífinu.

„Þegar við metum konur og karla og konur eru settar á vogarskálarnar og verðleikar þeirra vigtaðir þá virðast þeir vera vegnir léttar en eiginleikar karla. Eins þegar mistök, feilnótur og hnökrar í fari kvenna er sett á vogarskálarnar þá virðist það vega hærra en karla.“ Auk þess fjallaði Hrunn Gunnsteinsdóttir, stjórnarformaður Tækniþróunarsjóðs, um mikilvægi þess að ná jafnt til karla og kvenna í nýsköpunarheiminum.

Markmiðið með Hvatningarverðlaununum er að vekja jákvæða athygli á fyrirtækjum sem sett hafa jafnrétti á oddinn og jafnframt að hvetja önnur fyrirtæki til að gera slíkt hið sama. Að verðlaununum standa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, landsnefnd UN Women á Íslandi, Samtök atvinnulífsins og Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð.



Forystuþjóð

Íslendingar eru í forystu þegar kemur að jafnrétti, en það er hægt að gera betur. Margar og ólíkar skoðanir eru á því hvernig það er hægt en í bókinni Forystuþjóð eru málin skoðuð frá ýmsum sjónarhornum.


Um er að ræða viðtalsbók sem Edda Hermannsdóttir og Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir gáfu út í samstarfi við Samtök atvinnulífsins en bókina kom út í febrúar 2017.

[Forystuþjóð á Facebook](#)

HVER BAKAR ÞJÓÐARKÖKUNA?

Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands efndu til opins umræðufundar um atvinnulífið og stefnu flokkanna fyrir Alþingiskosningarnar 2016 í Hörpu þriðjudaginn 18. október. Hver bakar þjóðarkökuna? var yfirskrift fundarins en hátt í 2.000 manns fylgdust með umræðunum í Norðurljósasal Hörpu og beinni útsendingu á netinu.

Fulltrúar stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi eða hafa mælst með yfir 5% fylgi í skoðanakönnunum tóku þátt: Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og fjármálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, Oddný G. Harðardóttir, formaður Samfylkingarinnar, Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar, Lilja Alfreðsdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins og utanríkisráðherra, Smári McCarthy, frambjóðandi Pírata og Þorsteinn Víglundsson, frambjóðandi Viðreisnar.



Umræðurnar voru bæði málefnalegar og upplýsandi þó svo að stundum hafi þær verið við suðumark. Deilt var um bestu leiðirnar til að bæta lífskjör á Íslandi, hvort það eigi að hækka eða lækka skatta, himinhá kosningaloforð, ESB, Brexit, starfsumhverfi fyrirtækja og framtíðina. Stjórnandi umræðna var Kristján Kristjánsson, fréttamaður. Upptökur frá umræðum eru aðgengilegar á vefnum.

Kveiktu á Sjónvarpi atvinnulífsins og horfðu!



EFNAHAGSMÁL

Árið 2016 var gott ár í efnahagslegu tilliti og hefur staða þjóðarbúsins sjaldan verið betri. Hagtölur komu áfram skemmtilega á óvart og var hagvöxtur síðasta árs einn sá mesti frá árinu 2007 á sama tíma og viðskiptaafgangur jókst og hefur sjaldan mælst meiri. Þjóðhagslegur sparnaður hefur því aukist samfara miklum vexti í hagkerfinu. Skuldastaða þjóðarbúsins batnaði áfram og er hrein erlend eignastaða nú jákvæð í fyrsta skipti frá því að mælingar hófust.

Aldrei hafa fleiri erlendir ferðamenn sótt landið heim og áfram jukust gjaldeyrisstekjur þjóðarbúsins. Þrátt fyrir verulegar launahækkanir hélst verðbólga áfram lítil og skilaði það heimilum einni mestu kaupmáttaraukningu sögunnar. Ekki er því annað að merkja en að þjóðarbúið standi á traustum grunni um þessar mundir.

Að því sögðu er þó áhyggjuefni hversu mikil og skörp gengisstyrking krónunnar var á árinu 2016 og í upphafi þessa árs því þó að sterkari króna auki kaupmátt til skemrri tíma þá getur ósjálfbær styrking veikt hann til lengdar grafi hún undan samkeppnisstöðu þjóðarbúsins. Það er fagnaðarefni að á árinu 2017 voru kærkomin skref stigin til losunar hafta.


Mikill og heilbrigður hagvöxtur 2016

Landsframleiðsla jókst að rangildi um 7,2% á árinu 2016 og hefur hagkerfið ekki vaxið meira frá árinu 2007. Hagvöxturinn nú er aftur á móti um margt ólíkur hagvexti árunna fyrir hrun. Þó að hann sé sem fyrr drifinn áfram af vexti einkaneyslu fylgir honum ekki sama skuldsetning og áður heldur byggir hún nú á mikilli aukningu kaupmáttar, aukinni fjárfestingu og gríðarlegum vexti útflutnings, einkum vegna tilkomu ferðaþjónustunnar sem burðarvirkis í íslenskum útflutningi. Ferðaþjónustan gegnir nú

lykilhlutverki í framþróun íslensks efnahagslífs enda er greinin orðin ein stærsta útflutningsgrein landsins.

Þjóðhagslegur sparnaður er enn mikill en viðskiptaafgangur mældist 8% af landsframleiðslu á síðasta ári, eða rúmlega 190 ma.kr. en svo mikill afgangur samfara miklum hagvexti er algjör nýlunda hér á landi. Í lok árs var hrein erlend eignastaða þjóðarbúsins í fyrsta skipti jákvæð. Íslendingar eiga meira en þeir skulda.

Hagvöxtur og viðskiptajöfnuður



Þrátt fyrir verulegar launahækkanir á árinu þá hélst verðbólga undir verðbólgaþröngmiði Seðlabankans þriðja árið í röð. Á árinu 2016 upplíðu heimilin því fordæmalausa kaupmáttaraukningu, en vöxtur kaupmáttar mældist 10% milli ára.

Stýrivextir eru nánast þeir sömu og þegar verðbólga fór undir verðbólgaþröngmiði fyrir þremur árum síðan og eru raunvextir nú um stundir nær hvergi hærrí en á Íslandi. Háir vextir skapa tvenns konar vanda, í fyrsta lagi sækjast innlendir og erlendir aðilar í að koma fjármagni hingað til landsins og í öðru lagi kjósa fjárfestar síður að færa fjármagn úr landi. Íslenskt hagkerfi er því gróðursælt umhverfi fyrir fjármagn. Sú gengisstyrking sem verið hefur er því ekki að öllu leyti tilkomin vegna ferðaþjónustunnar, hátt vaxtastig spilar sína rullu.




Verðbólga á Íslandi - árshækkun vísitölu neysluverðs



Of sterkt gengi grefur undan samkeppnisstöðu

Gengisstyrking krónunnar og verulegar launahækkningar hafa lagst á eitt að grafa undan samkeppnisstöðu þjóðarbúsins og er raungengi krónunnar nú álíka hátt og á árunum 2006-2007. Mikilvægt er að halda vöku sinni yfir þeirri þróun og forðast framúrkefslur en þó verður ekki framhjá því lítið að gagngerar breytingar hafa átt sér stað á íslensku hagkerfi með miklum vexti ferðapjónustunnar. Jafnvægisraungengi í dag er líklega hærra en það var á árum áður þegar vöxturinn í hagkerfinu var ekki drifinn áfram af útflutningi heldur innlendri þjónustu. Viðskiptaafgangur er enn ekki bara jákvæður heldur sögulega mikill, en á þensluárunum síðustu var hins vegar viðskiptahallur upp á tugi prósentu.

Þrátt fyrir góða stöðu er þó áhyggjuefni ef krónan styrkist enn frekar. Væri sú þróun sérstaklega varhugaverð í ljósi þess að útflutningsgreinar hafa gegnt lykilhlutverki í vexti og góðu gengi undanfarinna ára. Verði þær fyrir miklum búsigfum mun það fljótt koma niður á öðrum geirum atvinnulífsins, launafólki og opinberum aðilum.



Hið opinbera treystir á eitt lengsta hagvaxtarskeið sögunnar

Fjármálastefna hins opinbera til næstu fimm ára var birt á árinu. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir afgangi af rekstri hins opinbera þá er afgangurinn lítil og nánast innan skekkjumarka. Lítið má út af bera í tekjuáætlunum hins opinbera til þess að sá litli afgangur sem er fyrirhugaður snúist í umtalsverðan halla. Áætlanir hins opinbera gera ráð fyrir að núverandi hagvaxtarskeið verði það langsamlega lengsta í Íslandssögunni. Er það í senn óraunhæft og óábyrgt því þessi efnahagsuppsveifla mun taka enda líkt og allar þær sem á undan henni komu. Er það sérstaklega mikið áhyggjuefni vegna þess að við erum enn í alvarlegri skuldastöðu með tvöfalt meiri opinberar skuldir en í aðdraganda bankakreppunnar síðustu.

Eitt af því sem stjórnvöld hafa leyft sér í skjóli mikils hagvaxtar er að auka opinber útgjöld markvert. Vissulega var í kjölfar efnahagskreppunnar þörf á fjármunum til ýmissa verkefna en útgjaldavöxturinn undanfarin ár hefur verið meiri en eðlilegt


getur talist og er svo komið að nánast hvergi meðal þróaðra ríkja eru opinber útgjöld eins hátt hlutfall af landsframleiðslu. Til að fjármagna slík útgjöld þarf auknar skatttekjur og það ætti því ekki að koma á óvart að Ísland er háskattaríki í dag. Ekkert svigrúm mun vera til skattalækkana nema hið opinbera dragi úr umsvifum sínum í hagkerfinu.

Nauðsynlegt er að auka aga í fjármálum hins opinbera, bæta nýtingu fjármuna og vera virkari í forgangsröðun. Ekki er ábyrgt að eyða stjórnlíti á góðæristíma. Auk þess að ýta undir þenslu minnkar það svigrúm hins opinbera til þess að bregðast við efnahagslægð þegar hún loks kemur. Eins og sagan kennir er þar ekki spurning um hvort heldur hvenær.

Íslenskt hagkerfi opið og frjálst á nýjan leik

Mikilvæg og kærkomin skref voru stigin í mars þegar öll fjármagnshöft á einstaklinga, fyrirtæki og lífeyrissjóði voru afnumin með nýjum reglum Seðlabankans um gjaldeyrismál. Íslendingar urðu því þátttakendur á nýjan leik á alþjóðamörkuðum í gegnum opið og frjálst hagkerfi.

Þjóðarbúið stendur enn á traustum grunni og er vonandi að vel takist til að viðhalda þeirri stöðu. Það eru hins vegar blíkur á lofti. Frekari styrking krónunnar án samsvarandi framleiðniaukningar mun á endanum grafa undan útflutningsgreinum landsins. Á meðan verðbólga er lítil og horfurnar góðar er ekkert því til fyrirstöðu að lækka vexti, óþarflega hátt raunvaxtastig grefur undan efnahagslegum stöðugleika. Opinber fjármál og vinnumarkaðurinn þurfa að styðja betur við þann verðstöðugleika sem hér ríkir. Aukinn agi í rekstri hins opinbera og agaðri vinnubrögð við gerð kjarasamninga skapa aukið svigrúm hjá Seðlabanka Íslands til að lækka vexti.



SAMKEPPNISHÆFNI

Á hverju ári fjalla Samtök atvinnulífsins um fjölmörg mál sem tengjast rekstrarskilyrðum fyrirtækjanna. Mál berast samtökunum frá fyrirtækjum, Alþingi, ráðuneytum og stofnunum. Ekkert lát er á stríðum straumi stjórnvaldsfyrirmæla. Stundum byggja þessi fyrirmæli á Evróputilskipunum og eru þá gjarnan gullhúðuð og meira íþyngjandi en nauðsyn krefur. Skattar taka endalausum breytingum án þess að alltaf sé gætt að afleiðingum. Hér verður fjallað um nokkur mál sem Samtök atvinnulífsins létu til sín taka undanfarið ár en yfirlit yfir umsagnir SA má nálgast á vefnum.

Umsagnir SA

Evróputilskipanir

SA hafa kallað eftir því við Alþingi og ráðuneyti að í öllum tilvikum verði gerð grein fyrir því ef ...

- reglubyrði er þyngd frá grunnkröfum tilskipunar
- ætlunin er að innlend ákvæði hafi víðara gildissvið en tilskipunin
- ekki eru nýtt undanþáguákvæði tilskipunarinnar
- ætlunin er að halda í lagaákvæði sem fyrir eru og eru meira íþyngjandi en tilskipunin gerir ráð fyrir
- ætlunin er að innlend ákvæði nái út fyrir gildissvið tilskipunarinnar
- ætlunin er að viðurlög og eftirlit séu meira íþyngjandi en lágmarkskröfur tilskipunarinnar.

Sama þarf að gilda um lagafrumvörp sem lögð eru fyrir Alþingi án undangengins umsagnarferlis.

Íþyngjandi regluverk atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins hafa ítrekað hvatt stjórnvöld til að einfalda allt opinbert eftirlit og fækka þeim tilvikum þar sem þörf er á leyfi stjórnvalda til að hefja atvinnustarfsemi. Þess í stað myndi nægja að tilkynna um nýja starfsemi.

SA eiga fulltrúa í ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur sem forsætisráðherra skipaði í september 2013 til ráðgjafar um eftirlit á vegum hins opinbera og framkvæmd laga um opinberar eftirlitsreglur. Áður hafði ríkisstjórnin sett sér það markmið að engar nýjar íþyngjandi reglur yrðu innleiddar fyrir atvinnulífið án þess að um leið féllu brott jafn veigamiklar kvaðir.

Starf nefndarinnar lá að mestu leyti niðri á síðasta ári. Að beiðni nefndarinnar tók forsætisráðuneytið saman yfirlit um frumvörp sem urðu að lögum á 143.-145. löggjafarþingi og leggja auknar

byrðar á atvinnulífið eða einfalda það regluverk sem fyrirtæki starfa eftir.

Niðurstöður úttektarinnar voru birtar í október 2016. Af henni má m.a. ráða að ekki hafi náðst merkjanlegur árangur í að einfalda regluverkið sé einungis litið til fjölda íþyngjandi ákvæða. Alls urðu 35 frumvörp að lögum sem áhrif hafa haft á reglubyrði atvinnulífsins á þeim þremur löggjafarþingum sem ríkisstjórnin starfaði. Þar af fólu 17 frumvörp í sér íþyngjandi ákvæði fyrir atvinnulífið en einungis 6 frumvörp sem urðu að lögum mæltu einvörðungu fyrir um einföldun regluverks.

Yfir helmingur íþyngjandi reglna sem settar eru eiga uppruna sinn í ESB-tilskipunum. Í sumum tilfellum var gengið lengra hvað varðar innleiðingu en nauðsynlegt var og voru áhrifin á fyrirtækin meiri en ella.

Hækkun fasteignamats atvinnuhúsnæðis

Samtökin héldu á síðasta ári áfram að mótmæla milljarða króna kostnaðarauka sem hefur fallið á atvinnulífið vegna breyttrar aðferðar Þjóðskrár Íslands við útreikning á fasteignamati atvinnuhúsnæðis. Samtökin hafa bent á að fasteignamat síðasta árs hafi falið í sér 18% hækkun á fasteignamati tæplega 70% alls skrifstofu- og verslunarhúsnæðis í Reykjavík. SA hafa ákveðna fyrirvara við lögmæti hinnar nýju aðferðafræði og telja að ríkisstofnun eigi ekki að geta tekið ákvörðun um að breyta útreikningi á skattstofni þannig að skattbyrði atvinnulífsins hækki um milljarða króna án þess að lög séu sett um það. Slík skattahækkun á atvinnulífið eigi ávallt að vera pólitísk ákvörðun og fá þinglega meðferð.

Breytingar á lögum um ársreikninga

Á síðasta ári voru samþykkt ný lög um ársreikninga á Íslandi. Þess er vænst að með tilkomu svokallaðs Hnapps muni skil ársreikninga hjá minnstu fyrirtækjum landsins, svokölluðum örfyrirtækjum, verða mun einfaldari en áður. Ársreikningur, til birtingar hjá fyrirtækjaskrá, verður til með upplýsingum sem koma fram í skattskilum fyrirtækisins. Þetta á að gerast að mestu sjálfvirk og öll fyrirhöfn við skil ársreikninga því minni en áður. SA hafa fagnað þessu og hvatt til að heimildin verði útvíkkuð en gert er ráð fyrir að stærðarmörkin séu endurskoðuð eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

Samtökin hafa þó gert athugasemdir við að á sama tíma var felld niður heimild lítilla félaga til að skila inn samandregnum ársreikningi en lítil félög eru skilgreind sem þau félög sem á uppgjörsteggi fara ekki yfir mörkin á a.m.k. tveimur af þremur viðmiðunum ...

- að heildareignir séu að hámarki 600 m.kr.
- að hrein velta sé að hámarki 1.200 m.kr.
- að meðalfjöldi ársverka sé að hámarki 50 á fjárhagsárinu.

Engan sérstakan rökstuðning var að finna í frumvarpinu vegna þessarar breytingar og er hún afar íþyngjandi fyrir mörg fyrirtæki.



Ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpun

Á síðasta ári voru samþykkt lög til að styðja við fjármögnun og rekstur nýsköpunarfyrirtækja og smærri fyrirtækja í vexti. SA lýstu yfir ánægju með markmiðin um að styðja við nýsköpun í atvinnulífni.

Samtökin hafa þó gagnrýnt hátt flækjustig, sér í lagi í ákvæði laganna um tímabundinn afslátt frá sköttum einstaklinga sem kaupa hlutabréf í litlum fyrirtækjum í vexti. Skilyrði til að nýta frádráttinn eru í 18 tölusetnum liðum sem sumir hverjir innihalda margþættar kröfur. Krafa er gerð um að öll skilyrðin þurfi að vera uppfyllt þar til þrjú ár eru liðin frá hlutfjárukningunni. Annars verður frádrátturinn bakfærður með 15% álagi.

Hér er um að ræða refsikennd viðurlög vegna breyttra forsendna, sem koma til, eftir að álagning hefur farið fram, og vegna aðstæðna sem sá sem naut ívilnunarinnar hefur enga stjórn á. Það skýtur við skökku að endurgreiða skattafrádrátt vegna þess að fyrirtækið hafi vaxið of hratt og því farið yfir veltumörk ákvæðisins eða hámarksfjölda starfsmanna. Tilgangur laganna er einmitt að gera sprotafyrirtækjum kleift að fá inn fjármagn til að vaxa og dafna og því mótsagnakennt að refsa þeim sem njóta of mikillar velgengni.

SA hafa lagt til að lögjin verði endurskoðuð til einföldunar ellegar sé hætt á að fjárfestar fælist frá því að nýta sér heimildina vegna áhættu sem í henni felst.

Samkeppnismál

Þann 26. apríl 2016 héldu SA ráðstefnu í samvinnu við Viðskiptaráð undir yfirskriftinni Inngrip stjórnvalda á mörkuðum – neytendavernd eða miðstýring? Til umfjöllunar á fundinum voru meðal annars heimildir Samkeppniseftirlitsins til íhlutunar á mörkuðum, markaðsrannsóknir eftirlitsins og skýrsla þess um eldsneytismarkaðinn. Samtökin höfðu áður gert margvíslegar athugasemdir við frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins um eldsneytismarkaðinn og lagt til að auki áhersla yrði lögð á að horfa til framtíðar enda breytist aðstæður á umræddum markaði hratt vegna tækniframfara.

Samtök atvinnulífsins taka undir sjónarmið Samkeppniseftirlitsins um að nauðsynlegt sé að regluverk hins opinbera og framkvæmd stjórnvalda á því ýti undir samkeppni og tryggji auðveldan aðgang nýrra aðila að mörkuðum. Hinsvegar eru samtökin ekki sannfærð um að geta stjórnvalda til að sjá fyrir um óorðna hluti sé slík að þau grípi inn í löglegan rekstur fyrirtækja nema að brýna nauðsyn beri til.

Þá hafa samtökin, í samráði við Viðskiptaráð Íslands og Lögmannafélag Íslands hafist handa við undirbúning á útgáfu Leiðbeininga í samkeppnisrétti sem til stendur að komi út á árinu 2017 og muni þjóna sem leiðarvísir um helstu atriði samkeppnisréttar sem þarf að hafa í huga við rekstur fyrirtækja.

Að auki stendur yfir undirbúningur á innleiðingu nýrrar samkeppnisstefnu Samtaka atvinnulífsins en vonir standa til að auka innra og ytra fræðslustarf SA og aðildarsamtaka þeirra um

samkeppnismál.

Húsnæðismál

Árið 2016 voru samþykkt ný lög um félagslegt leiguíbúðakerfi þar sem áhersla er á að fjölga hagkvæmum og ódýrum íbúðum til að tryggja tekjulágum fjölskyldum leiguhúsnæði til lengri tíma. Félaglega leigukerfið á að fjármagna með stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga eða með beinum vaxtaniðurgreiðslum ríkisins sem nema núvirt um 30% af stofnkostnaði.

Lögin eiga sér stoð í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 2015 sem var ætluð til að greiða fyrir gerð kjarasamninga á almennum markaði. SA gagnrýndu flókið fyrirkomulag á stuðningi hins opinbera. Mikil ofrausn er að veita nálægt 40% þjóðarinnar aðgang að félagslegu húsnæði. Svo rúm mörk, ásamt mun meiri opinberum stuðningi en í boði hefur verið til þessa, skapar stórfelldar væntingar hjá stórum þjóðfélagshópi um ódýrara íbúðarhúsnæði en í boði er á almennum markaði. Skömmtun íbúða er því fyrirsjáanleg. Af þeim sökum er hætta á að þetta fyrirkomulag verði ekki langlífara en fyrri stuðningskerfi.

Samhliða þessu, samkvæmt öðru lagafrumvarpi, er áformuð umtalsverð hækkun tekjutengdra húsaleigubóta. Hækkun tekjutengdra bóta ýtir jafnan undir svarta atvinnu og eykur hættu á að fólk festist í fátæktargildru á leigumarkaði. Til lengri tíma er hætta á að offramboð á niðurgreiddu leiguhúsnæði raski íbúðaverði á almennum markaði og verðfelli íbúðir á fámennum svæðum og bindi þar með íbúa í átthagafjötra.

Eðlilegt hefði verið að þessu samhliða hætti Íbúðalánasjóður nýjum lánveitingum. Reynsla síðustu fimm ára sýnir að næg samkeppni er milli banka og almennra fjárfestingarsjóða (þ.m.t. lífeyrissjóða) til að tryggja íbúðaeigendum hagstæð lán.

Tryggingargjald

Tryggingargjaldið kemur harðast niður á litlum og meðalstórum fyrirtækjum þar sem flest ný störf verða til. Fyrirtæki í skapandi greinum verða sérstaklega illa úti en hátt tryggingargjald minnkar getu fyrirtækja til að hækka laun eða ráða fleiri í vinnu.

Við undirritun nýs kjarasamnings á almennum vinnumarkaði í ársbyrjun 2016 gáfu stjórnvöld vilyrði fyrir lækkun tryggingargjalds um 0,5% á árinu 2016 og 0,5% á árinu 2017. Jafnframt var handsalað samkomulag við þáverandi fjármálaráðherra um að stefnt skyldi að því að almenna tryggingargjaldið yrði komið í fyrra horf, þ.e. í 4,5%, á árinu 2018, enda skapi lækkun vaxtabyrði ríkissjóðs samhliða lækkun skulda ríkisins svigrúm til lækkunar gjaldsins. Einungis lækkun ársins 2016 hefur náð fram að ganga.

SA bentu á að árlegt gjald væri um 20 til 25 milljörðum króna hærra en það ætti að vera þar sem atvinnuleysi hefði minnkað hratt, kaupmáttur launa aukist hratt og störfum fjölgað. Jafnframt er lækkun gjaldsins til fyrra horfs mikilvæg til að auðvelda fyrirtækjum að mæta umsömdum launahækkunum og jöfnun lífeyrisréttinda samkvæmt nýgerðum kjarasamningum sem gilda

til loka árs 2018 án þess að raska efnahagslegum stöðugleika.

Landbúnaðarmál

Beinir og óbeinir opinberir styrkir til landbúnaðar nema 1,1% af landsframléiðslu samkvæmt gögnum frá OECD, eða um 22 milljörðum króna sem er 6 milljörðum króna umfram vinnsluvirði greinarinnar. Samtök atvinnulífsins telja brýnt að opinber stuðningur við landbúnað hvetji til hagræðingar og aukinnar samkeppni innan greinarinnar. Þannig nýti bændur sem best gæði og sérstöðu sem land þeirra hefur upp á að bjóða.

Með aukinni framleiðni í landbúnaði má til lengri tíma litið draga úr beinum stuðningi og tollvernd. Í nýlegum búvörusamningum eru skref til að stuðla að framþróun og aukinni samkeppni í landbúnaði óljós og engan veginn nægjanleg í ljósi þess að samningarnir gilda til næstu 10 ára. Ekki er nægjanlega ýtt undir framþróun og nýsköpun sem leiðir til aukinnar framleiðni og verðmætasköpunar sem kemur bændum, neytendum og samfélaginu í heild til góða.

SA leggja áherslu á að dregið verði úr gríðarlegri tollvernd alifugla- og svínakjöts á næstu misserum en verndin heldur uppi hærra matvælavæði en þyrfti að vera. Kostnaðurinn er neytenda sem búa við lakari lífskjör en ella. Aukinn tollfrjálsum innflutningur á alifugla- og svínakjöti á næstu árum, ætti að auðvelda stjórnvöldum að notast við aðrar sanngjarnar aðferðir við úthlutun á tollfrjálsum innflutningi. Hörð samkeppni er sterkasti hvatinn til hagræðingar.

Deilur um „Iceland“

Samtök atvinnulífsins tóku ásamt íslenskum stjórnvöldum og Íslandsstofu þátt í því að leggja fram ógildingarkröfu gegn orðmerkisskráningu Iceland Foods Ltd. hjá Evrópsku einkaleyfastofunni (EUIPO) á orðmerkinu „Iceland“. Hefur fyrirtækið beitt sér gegn því að íslensk fyrirtæki geti auðkennt sig með upprunalandi sínu við markaðssetningu á vörum sínum og þjónustu innan Evrópu. Er þess krafist að einkaleyfið verði ógilt, enda sé það of víðtækt og komi í veg fyrir að íslenskir aðilar geti vísað til landfræðilegs uppruna síns. Samningaviðræður við Iceland Foods Ltd. um afturköllun orðmerkisskráningarinnar hafa ekki borið árangur og því nauðsynlegt að grípa til lagalegra aðgerða til að tryggja hagsmuni íslensks atvinnulífs.

Staðlaðir skilmálar skuldabréfa

SA hafa ásamt Nasdaq Iceland (Kauphöllinni) látið útbúa staðlað form fyrir útgáfu skuldabréfa. Slíkir staðlaðir skuldabréfaskilmálar geta nýst fyrirtækjum til að draga úr kostnaði við útgáfu skuldabréfa og skjóta styrkari stoðum undir íslenskan skuldabréfamarkað og þannig fjölga þeim leiðum sem standa fyrirtækjum til boða til að skæja fjármagn í rekstur sinn.

ERLEND SAMSKIPTI

Breytingar urðu á skipulagi Evrópumála á skrifstofu SA á síðasta ári. Í stað þess að starfsmaður hefði viðveru í Brussel töluverðan hluta ársins var ákveðið að sérfræðingur hjá SA gegndi hlutverki sem fastafulltrúi gagnvart Evrópusamtökum atvinnulífsins, BusinessEurope. Þessar breytingar eru gerðar m.a. vegna þess að umsókn Íslands um aðild að ESB er ekki lengur á dagskrá og ekki er nauðsynlegt fyrir SA að eiga aðkomu að starfi BusinessEurope um þann hluta Evrópusamstarfsins sem Ísland á ekki aðild að.

Sérfræðingar SA fylgjast með þróun löggjafar Evrópusambandsins hver á sínu sviði og meta áhrif hennar á starfsskilyrði atvinnulífsins hér á landi. Ágætt samstarf er eftir sem áður við utanríkisráðuneytið um að fylgjast með þróun löggjafar ESB og meta áhrifin á Ísland.

Ráðgjafarnefnd EFTA

SA eiga aðild að ráðgjafarnefnd EFTA, sem skipuð er fulltrúum aðila vinnumarkaðarins. Þar er fjallað um þróun EES-samningsins með hliðsjón af hagsmunum sem aðilar vinnumarkaðarins gæta. Nefndin vinnur annars vegar að gerð sameiginlegra álitserða nefndarinnar og hliðstæðrar ráðgjafarnefndar Evrópusambandsins og hins vegar að sjálfstæðum álitserðum sem kynntar eru fyrir fastanefnd EFTA í Brussel og ráðherrum EFTA-ríkjanna.

Á árinu 2016 tók nefndin m.a. fyrir og ályktaði um hreyfanleika starfsfólks innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og bætt regluverk til að styðja fyrirtæki og vernda starfsmenn á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá heldur nefndin árlega fundi með EFTA-ráðherrum landanna, þingmannanefnd EFTA og sendiherrum EFTA-landanna.

BusinessEurope

SA eiga aðild að BusinessEurope sem eru heildarsamtök evrópskra atvinnurekenda og nýta sér þá aðild til að fylgjast með þróun mála á vettvangi Evrópusambandsins (ESB) og koma á framfæri sínum sjónarmiðum um málefni sem varða samstarfið um EES.

Þann 25. mars 2017 verður haldið upp á að 60 ár eru liðin frá undirritun Rómarsamningsins sem markaði upphafið að því samstarfi sem nú einkennir samskipti ríkja Evrópu. Á sama tíma og þeim tímamótum er fagnað stendur Evrópa frammi fyrir miklum áskorunum sem stafa meðal annars af átökum í innanríkispolitik margra helstu aðildarríkja sambandsins og náðu ákveðnu hámarki þegar Bretar kusu að ganga úr Evrópusambandinu.

BusinessEurope hefur á árinu lagt sig fram um að tala fyrir þeim ávinningi sem Evrópusambandið og innri markaðurinn hefur skilað ríkjum álfunnar og að mikilvægi þess að sambandið sé fært um að veita svör við áskorunum nútímans í stað þess að

varpað sé á þau sök vegna þeirra erfiðleika sem ríki álfunnar standa frammi fyrir. Samtökin benda á að einstök aðildarríki ESB hafi lítið vægi á heimsvísu og að þau eigi erfitt með að takast á við alþjóðlegar áskoranir ein og óstudd og að nauðsynlegt sé að ESB taki þátt í að móta framtíðar alþjóðavæðingar og berjast gegn einangrunarhyggju og uppgangi lýðskrums.

Engu að síður þurfi að gera endurbætur á stjórnun ESB og nauðsynlegt að straumlínulaga bæði stofnanir og regluverk sambandsins. Stuðla þurfi að stöðugum og sjálfbærum hagvexti sem skili sér til allra og einstök aðildarríki þurfi að ráðast í nauðsynlegar umbætur heima fyrir. Þá er bent á að efnahagslegur ábati sé forsenda velferðar og að erfið staða margra ríkja í velferðarmálum og hátt hlutfall atvinnuleysis, sérstaklega ungs fólks, sé ekki vegna þess að félagsmálastefnu skorti. Frekar þurfi að nútímavæða evrópska velferðarlíkanið til að takast á við hækkandi meðalaldur og mæta alþjóðlegri samkeppni um aðlaðandi viðskiptaumhverfi. Það hljóti að vera kjarni aðgerða ESB að vernda og þróa innri markaðinn og að fyrirtækin séu miðlægur hluti lausnarinnar. Það eru einkafyrirtækin sem skapi störf, stuðli að hagvexti og standi undir rannsóknum og nýsköpun.



Evrópska efnahagssvæðið

Á síðasta ári var áfram unnið að innleiðingu á nýju regluverki EES um fjármálamarkaði, ársreikningalög voru uppfærð til samræmis við nýja reglugerð, ýmsar tilskipanir leiddu til breytinga á umhverfislöggjöfnni og fjölmargar tilskipanir á öðrum sviðum hafa bein eða óbein áhrif á starfsskilyrði fyrirtækjanna.

Sérfræðingar SA taka þátt í undirbúningi innleiðingar tilskipunar um rafrænar undirskriftir auk þess sem samtökin huga að hvernig ætlunin er að innleiða umfangsmiklar breytingar á regluverki um upplýsingaöryggi (e. data protection) og annarri löggjöf sem fyrir séð er að komi til með að hafa áhrif á íslenskt atvinnulíf.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur haldið áfram að gagnrýna viðvarandi innleiðingarhalla Íslands á regluverki EES og SA taka undir sjónarmið um að tafir á innleiðingu geti haft neikvæð áhrif á íslenskt atvinnulíf og íslenskt samfélag. Hafa samtökin lagt áherslu á það við stjórnvöld að vinnubrögð við innleiðingu á EES löggjöf verði bætt.

Brexit

Eins og kunnugt er hafa Bretar ákveðið að yfirgefa Evrópu-sambandið. Mikilvægt er að Ísland meti hugsanleg áhrif sem fyrst og hefji undirbúning viðræðna við Breta um það sem taka á við í samskiptum þjóðanna í kjölfar Brexit, þar sem breytingar felast meðal annars í því að dómstóll verður ekki sameiginlegur, eftirlitsstofnanir ekki heldur, ekki verður um að ræða frjálsa för fólks og framlög í sameiginlega sjóði verða væntanlega minni en áður.

Íslendingar þurfa að leggja áherslu á sjávarútvegsmál, tolla, loftferðasamning, frjálsa för fólks og hafa samráð við Norðmenn og Svisslendinga. Staðan er flókin og verkefni mjög umfangsmikil. Bretland er einn mikilvægasti markaður fyrir íslenskar sjávarafurðir. Bresk stjórnvöld hafa gefið til kynna fullan vilja til þess að greiða fyrir viðskiptum og forðast nýjar viðskiptahindranir hvort sem um er að ræða vörur eða þjónustu. Huga þarf að samningum um loftferðir, aðgangi að háskólum, frjálsri för fólks, stöðu fjárfesta, samstarfi um rannsóknir og fleira.

Norrænt samstarf

Um langa hríð hafa Samtök atvinnulífsins átt náð samstarf við systursamtök sín á Norðurlöndum. Þau eru Dansk arbejdsgiverforening (DA) og Dansk Industri (DI) í Danmörku, Elinkeinoelämän keskusliitto (EK) í Finnlandi, Næringslivets Hovedorganisasjon (NHO) í Noregi og Svenskt Näringsliv (SN) í Svíþjóð.

Formenn og framkvæmdastjórar samtakanna hittast að jafnaði tvisvar á ári og haldnir eru árlegir fundir hagfræðinga, skattasérfræðinga, upplýsingastjóra og umhverfissérfræðinga. Auk þessa eru árlegir fundir um kjarasamninga og um vinnuumhverfi.

Samtökin fjalla um það sem efst er á baugi t.d. í efnahagsmálum og alþjóðamálum. Einnig er fjallað um sameiginleg hagsmunamál og hvernig tekist er á við hin ýmsu viðfangsefni í löndunum ásamt því sem reynslu og þekkingu er deilt.



KYNNING OG MIÐLUN

Heimasíðan gegnir lykilhlutverki í upplýsingamiðlun Samtaka atvinnulífsins. Í hverri viku er birt nýtt og fjölbreytt efni á www.sa.is, fréttir af hagsmunamálum atvinnulífsins, stefnumörkun í fjölda málaflokka, greiningar og skoðanir SA á málum sem varða lífskjör þjóðarinnar og starfsskilyrði fyrirtækjanna í landinu.

Á vef SA er að finna allt útgefið efni samtakanna. Þar eru t.d. kjarasamningar sem SA hafa gert og efni sem þeim tengist. Félagsmenn SA hafa einnig aðgang að sérstökum vinnuþáttum vef þar sem þeir geta sótt sér upplýsingar hvenær sem er.

Yfirlit yfir þá sem tilnefndir eru í nefndir ráð eða stjórnir af hálfu SA er einnig að finna á vefnum.

Fulltrúar SA í nefndum og ráðum

SA á samfélagsmiðlum

Samtök atvinnulífsins tóku samfélagsmiðlana í sína þjónustu í upphafi nýs árs (@atvinnulifid) og miðla fréttum og fróðleik af atvinnulífinu á Facebook og Twitter auk þess sem myndir frá aðildarfyrirtækjum SA eru birtar á Instagram. Við hvetjum félagsmenn til að fylgja okkur og senda okkur áhugavert efni.



Fundur og ráðstefnur

Samtök atvinnulífsins efna reglulega til opinna funda þar sem brýn samfélagsmál eru rædd. Yfirlit yfir þá helstu er að finna hér að neðan en ítarlegri umfjöllun um efni þeirra má nálgast á vef SA. Stærri viðburðum hefur verið streymt í beinni útsendingu eða upptökur birtar í Sjónum atvinnulífsins á Vimeo.

Fíllinn í herberginu

Ársfundur atvinnulífsins 2016 fór fram fyrir fullu húsi í Silfurbergi í Hörpu fimmtudaginn 7. apríl. Yfir 500 gestir mættu til fundarins



og um 1000 horfðu á dagskrána í beinni útsendingu. Fíllinn í herberginu og leitinn að peningastefnunni var yfirskrift fundarins en upptökur af fundinum eru aðgengilegar á vef SA ásamt riti samtakanna um peningastefnu Íslands sem var lagt fram á fundinum. Að mati SA hafði ríkt of mikil þögn um peningastefnu Íslands og því settu samtökin fram tillögur sem innlegg í umræðu um endurbætur peningastefnunnar.

Ársfundur atvinnulífsins 2016

Rit SA: Fíllinn í herberginu og leitinn að peningastefnunni

Fundurinn var haldinn á miklum umrótatímum í íslensku samfélagi og vék Björgólfur Jóhannsson, formaður SA, að því í upphafi fundarins.

„Áður en ég vík að umræðuefni fundarins, langar mig til að fjalla almennt um málefni sem hafa verið mjög til umfjöllunar undanfarna daga; skattaskjól og aflandseyjar. Vart hafa önnur umræðuefni borið hærra að undanförunni í fjölmiðlum og meðal almennings en umræðan hefur einnig haft áhrif á stöðu stjórn mála og stjórn málamanna á Íslandi og jafnvel víðar.

Í grófum dráttum má segja að á slíkum stöðum sé boðið upp á tvenns konar sérstöðu þegar kemur að því að veita fjármálaþjónustu: Annars vegar mikla leynd og hins vegar skattleysi eða mjög lága skatta. Tilgangur þess að koma eignum fyrir í aflandsfélagi er því í flestum tilvikum annars vegar að dylja eignarhaldið og koma í veg fyrir að utanaðkomandi geti komist að því hverjir eigi félagið. Aflandsfélagið sýslar þá með eignir en eigendurnir koma ekki fram fyrir þess hönd. Hins vegar getur tilgangurinn verið sá að komast hjá því að greiða skatta og skyldur samkvæmt lögum og reglum heimalandsins. Og í sumum tilvikum nýta aðilar sér bæði leyndina og skattleysið.

Það hefur komið fram að íslensku bankarnir höfðu frumkvæði að stofnun mikils fjölda aflandsfélaga fyrir viðskiptavinum sína á árunum fyrir bankahrunið 2008. Væntanlega hefur þessum félögum fækkað verulega síðustu ár og vonandi hafa margir flutt eignir



sínar annað þar sem eðlilegar viðskiptareglur gilda um rekstur og skattskyldu félaga.

Það er eðlilegt að Íslendingar fjárfesti erlendis þótt það sé miklum takmörkunum háð frá því sett voru höft á fjármagnsflutninga. Fjöldmörg fyrirtæki hafa byggt upp mikil umsvif erlendis þar sem þau nýta styrkleika sína og geta náð fötfestu vegna þeirra. Einstaklingar gátu einnig fjárfest erlendis hvort sem var í verðbréfum eða tilteknum rekstri þar sem þeir hafa komið auga á möguleika til að auka verðmæti fjárfestingarinnar. Á sama hátt fjárfesta erlendir aðilar hér á landi enda er frjálst flæði fjármagns lykilþáttur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Hins vegar verður að gera skýran greinarmun á eðlilegu flæði fjármagns þar sem allt er uppi á borðum gagnvart yfirvöldum og því sem tengist skattaskjólum. Það verður að hafa í huga að það er ekki óeðlilegt að einstaklingar og fyrirtæki nýti sér reglur í skattalögum um að fresta skattgreiðslum svo fremi að það sé innan ramma laganna. En það er óásættanlegt að menn láti sér ekki nægja eðlilegan arð af fjárfestingunni heldur séu að reyna að koma sér undan því að greiða skatta og skyldur eins og þeim ber.

Óásættanlegt að brjóta lög og reglur

Samtök atvinnulífsins hafa fylgst með starfi Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París til að draga úr möguleikum þess að reka félög í skattaskjólum. Smám saman hefur verið að myndast alþjóðleg samstaða um að hvergi verði staðir til að fela sig í þessu skyni. Það er vel.

Yfirgnæfandi meirihluti fyrirtækja og stjórnenda þeirra stunda rekstur sinn af kostgæfni, hófsemd, þrautseigju og heiðarleika eins og almennt tíðkast í daglegu lífi fólks. Ítrekað hefur komið fram í könnunum að flestir eru jákvæðir í garð íslenskra fyrirtækja og að næstum allir eru jákvæðir í garð síns vinnuveitanda.

Við viljum að á Íslandi sé rekið arðbært og ábyrgt atvinnulíf sem bætir líf skjör allra. Í kjölfar hrunsins beittu Samtök atvinnulífsins sér fyrir endurskoðun reglna um stjórnarhætti fyrirtækja. Samtökin hafa endurskoðað verklag sitt við tilnefningu fólks í stjórnir sjóða og stofnana og sett viðmið um hvernig þessar stjórnir skulu starfa. Samtökin hafa tekið einarða afstöðu gegn

svartri atvinnustarfsemi og lagt sitt af mörkum til að berjast gegn henni. Það er óásættanlegt ef fyrirtæki og stjórnendur ganga á svig við lög og reglur og greiða ekki til samfélagsins til jafns við aðra. Það má aldrei líðast.“

Ræða Björgólfs Jóhannssonar

Björgólfur var endurkjörinn formaður SA á aðalfundi samtakanna sem fór fram fyrr um daginn og hlaut hann 95% greiddra atkvæða. Í ræðu sinni fjallaði hann m.a. um óstöðugt gengi krónunnar og viðvarandi verðbólgu á Íslandi, nauðsynlegar umbætur á íslenskum vinnumarkaði ásamt því að benda á leiðir til að koma í veg fyrir hefðbundnar íslenskar kollsteypur.

„Þrír meginþættir verða að stefna í sömu átt til að koma í veg fyrir efnahagslegar kollsteypur í framtíðinni. Í fyrsta lagi verður að halda böndum á rekstri ríkis og sveitarfélaga og gæta þess að útgjöld og fjárfestingar séu í samræmi við stöðu efnahagsmála. Í öðru lagi verður að gera endurbætur á peningastefnunni þannig að vaxtamunarviðskipti og innstreymi erlends gjaldeyris knýi ekki fram hækkan gengis krónunnar og geri atvinnugreinar í alþjóðlegri samkeppni ósjálfbærar. Í þriðja lagi verða aðilar vinnumarkaðarins að semja um launahækkningar í samræmi við getu alþjóðageirans.“

Auk Björgólfs ávarpaði fundinn, Már Guðmundsson, seðlabankastjóri, sem flutti erindi um peningastefnuna eftir fjármagnshöft.

Sérstakur gestur fundarins var Jón Daníelsson, prófessor við London School of Economics. Jón fjallaði um framtíðarríkið Ísland, peningastefnuna, vinnumarkaðinn og ríkisfjármálin.

Þá brugðust Ásgeir Jónsson, forseti Hagfræðideildar Háskóla Íslands og Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA við því sem fram kom á fundinum ásamt Þorsteini Víglundssyni, þáverandi framkvæmdastjóra SA.

Fjölbreyttur hópur stjórnenda lagði einnig orð í belg um peningamálin og starfsumhverfið, Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, Ásthildur Otharsdóttir, stjórnarformaður Marel, Katrín Olga Jóhannesdóttir, formaður Viðskiptaráðs Íslands, Kristín Pétursdóttir, forstjóri Mentor, Heiðar Guðjónsson, hagfræðingur og fjárfestir, Björg Ingadóttir fatahönnuður í Spakmannsspjörum,



Dagný Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Bláa Lónsins og Rósa Guðmundsdóttir, framleiðslustjóri G.RUN.

[Raddir atvinnulífsins 2016](#)

Krónan framtíðargjaldmiðill

Tveir þriðju stjórnenda aðildarfirmatækja SA sögðust í nýrri könnun sem kynnt var á ársfundinum að líklegt væri að krónan yrði framtíðargjaldmiðill þjóðarinnar.

[Sjá nánar](#)

Sönn íslensk peningamál: Stóra krónumálið

Sönn íslensk peningamál voru sýnd í Hörpu á ársfundum atvinnulífsins 2016. Þar var fjallað um Stóra krónumálið en saga íslensku krónunnar er þynnum stráð. Á köflum hefur hún verið meðal þeirra sterkustu í heimi en þess á milli valdið mörgum vonbrigðum. Krónan er sögð áhrifagjörn, ófyrirsjáanleg og jafnvel hættuleg. Sjón eru sögu ríkari.

[Smelltu til að horfa](#)

Tökum vel á móti erlendu starfsfólki

Mikilvægt er að Íslendingar taki vel á móti erlendu starfsfólki sem þjóðfélagið þarf á að halda næstu ár og áratugi. Risavaxnar áskoranir á íslenskum vinnumarkaði eru framundan vegna öldrunar þjóðarinnar og mikillar örorkubyrði, en til að standa undir góðum hagvexti og lífskjörum til framtíðar þarf Ísland á erlendu starfsfólki að halda.

Ísland er að þróast í fjölmenningsmatsfélag en því er spáð að hlutfall erlendra ríkisborgara verði orðið 20% innan ekki langs tíma en hlutfallið er 8% í dag. Erlent starfsfólk er því lykill að fjölbreyttum og öflugum vinnumarkaði og nauðsynleg forsenda þess að auka samkeppnishæfni landsins. Fjallað var um málið á fundi í Húsi atvinnulífsins 19. apríl 2016 í fundaröðinni Menntun og mannauður.

[Sjá nánar](#)

Inngrip stjórnvalda á mörkuðum

Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands stóðu að morgunverðarfundum um inngrip stjórnvalda á mörkuðum þriðjudaginn 26. apríl. Fjallað var um heimildir Samkeppniseftirlitsins til íhlutunar á mörkuðum, markaðsrannsóknir eftirlitsins og skýrslu um eldsneytismarkaðinn.

[Sjá nánar](#)

Er pláss fyrir jafnrétti í nýsköpun?

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, landsnefnd UN Women á Íslandi, Samtök atvinnulífsins og Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð spurðu að því hvort pláss væri fyrir jafnrétti í nýsköpun á morgunverðarfundum í maí.

Hvatningarverðlaun jafnréttismála voru veitt á fundinum og veitti Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka þeim viðtöku. Í álitni dómnefndar segir meðal annars:

„Fyrirtækið hefur lagt ríka áherslu á jöfn tækifæri kvenna og karla og með markvissum hætti aukið hlut kvenna í yfirstjórn þess og aukið þannig hlut kvenna í karllægum geira. Þá hefur fyrirtækið farið af stað með verkefni sem hafa það að markmiði að auka jafnrétti og stuðla að aukinni framgöngu kvenna innan fyrirtækisins og í atvinnulífinu almennt.“

[Sjá nánar](#)

Virkir fjárfestar eða stofuskraut?

Samtök atvinnulífsins, Nasdaq Iceland og Viðskiptaráð Íslands efndu til opins fundar 26. maí þar sem fjallað var um samspil lífeyrissjóða og almennra fjárfesta á hlutabréfamarkaði. Fundurinn var vel sóttur en yfir 150 manns mættu til fundarins. Glærukyningar frummælenda eru nú aðgengilegar á vefnum ásamt umfjöllun fjölmiðla.

[Sjá nánar](#)

TEDxReykjavík 2016

Samtök atvinnulífsins eru bakhjarl TEDxReykjavík sem var haldið í sjötta skipti laugardaginn 28. maí. Á viðburðinum var boðið upp á erindi áhugaverðra hugsuða, frumkvöðla og listafólks. Að þessu sinni var kastljósinu beint að hugmyndum sem hafa gefist vel á heimavelli og gætu virkað vel á útivelli, þ.e. hugmyndum sem eiga sér uppsprettu á Íslandi, en geta haft áhrif utan landsteinanna. TEDxReykjavík 2017 verður haldið næsta haust.

[Vefur TEDxReykjavík](#)

Stóra lausnin er smá

Litla Ísland er vettvangur þar sem smá fyrirtæki vinna saman óháð atvinnugreinum. Litla Ísland efndi til vel heppnaðrar fundaraðar í maí og júní um farsælan rekstur lítilla fyrirtækja. Nokkrir lykilþættir einkenna vel rekin fyrirtæki en fjallað var um bókhald, markaðsmál, markmið, samninga- og starfsmannamál og skipulag.

Góðir gestir fluttu fræðandi fyrirlestra og stjórnendur og eigendur lítilla fyrirtækja tóku þátt í kraumandi umræðum en fundirnir fóru fram í Kviku í Húsi atvinnulífsins. Inga Jóna Óskarsdóttir frá Bókhaldi og kennslu, Þórunn K. Jónsdóttir frá Markaðsmálum, Ingunn Björk Vilhjámsdóttir hjá Attentus, Símon Þorleifsson frá Capacent, Inga Björg Hjaltadóttir frá Attentus og Thomas Möller frá Ofnasmiðjunni Rými fluttu stórskemmtileg erindi.

Áfangastaðurinn Ísland

Samtök atvinnulífsins efndu til opins umræðufundar um uppgang og áskoranir í íslenskri ferðarþjónustu 7. september í Hörpu. Þar var kynnt ný greining efnahagssviðs SA á ferðarþjónustunni auk þess sem forystufólk stjórnmalaflokkanna tók þátt í umræðum um stöðu og horfur í greininni og stefnumörkun flokkanna í aðdraganda kosninga. Björgólfur Jóhannsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, opnaði fundinn og sagði „Við erum öll landkynnar.“

[Ræða formanns SA](#)

[Greining efnahagssviðs SA](#)

Fjallað var um nýjungar í starfsmenntun í fundaröðinni Menntun og mannauður 20. september. Kristín Njálisdóttir, framkvæmdastjóri Landsmenntar, sem er sjóður almennra starfsmanna á landsbyggðinni, fjallaði um það sem væri efst á baugi hjá Landsmennt. Selma Kristjánsdóttir, sérfræðingur hjá SVS, starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks og Sólveig Snæbjörnsdóttir fagstjóri hjá SVS fjölluðu um hvað bæri hæst hjá SVS. Þá ræddi Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri lóunnar – fræðsluseturs iðnaðarins, um nýjungar hjá lóunni.

Heilbrigð samkeppni

Samtök heilbrigðisfyrirtækja, SVP - Samtök verslunar og þjónustu og Samtök atvinnulífsins efna til opins morgunverðarfundar 28. september um tækifæri og áskoranir í íslenskri heilbrigðisþjónustu. Á fundinum var lögð fram greining efnahagssviðs SA og fulltrúar stjórnmalaflokkanna ræddu stefnumál sín í aðdraganda Alþingiskosninga 2016.

[Sjá nánar](#)

Hver bakar þjóðarkökuna?

Tíu dögum fyrir Alþingiskosningar, 14. október, efndu Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands til opins umræðufundar í Hörpu um atvinnulífið og stefnu flokkanna í aðdraganda alþingiskosninga 2016. Fundurinn fór fram í Norðurljósum í Hörpu. Umræðum stýrði Kristján Kristjánsson, fjölmiðlamaður en hátt í 2.000 manns fylgdust með umræðunum í Norðurljósasal Hörpu og beinni útsendingu á netinu.

[Uptaka frá kappræðum stjórnmalaflokkanna](#)

Sjávarútvegsdagurinn 2016

Sjávarútvegsdagurinn, í samstarfi Deloitte, Samtaka atvinnulífsins og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, var haldinn 3. nóvember 2016 og bar yfirskriftina Tækifæri á traustum grunni. Á honum var m.a. rætt um íslenskan sjávarútveg í alþjóðlegu samhengi, gengi gjaldmiðla auk þess sem gagnagrunnur Deloitte fyrir árið



2015 var kynntur. Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Jónas Gestur Jónasson, endurskoðandi og meðeigandi hjá Deloitte, Lilja Alfreðsdóttir, þáverandi utanríkisráðherra, Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins og Ágúst Einarsson, prófessor við Háskólann á Bifröst fluttu erindi.



Fyrirmyndir í námi fullorðinna

Souleymane Sonde og Vésteinn Aðalgeirsson eru fyrirmyndir í námi fullorðinna. Viðurkenninguna fengu þeir á ársfundi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem fór fram í lok nóvember.

Samfélagsábyrgð og markmið um betri heim

Samtök atvinnulífsins, Global Compact Nordic Network og Festa efndu til morgunfundar um samfélagsábyrgð í desember. Húsfyllir var á fundinum enda vaxandi áhugi á málefnum í atvinnulífinu. Hörður Vilberg, forstöðumaður samskipta hjá Samtökum atvinnu-

lífsins, sagði frá Global Compact, sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð og samstarfi fyrirtækja á Norðurlöndum.

Þá fjallaði Eva Yngvadóttir, verkefnisstjóri á umhverfissviði Eflu, um samfélagsábyrgð hjá verkfræðistofunni sem hefur skrifað undir Global Compact. Eva kynnti mörg mjög áhugaverð verkefni sem fyrirtækið hefur ráðist í. Loks kynnti Vera Knútsdóttir, framkvæmdastjóri félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, 17 heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um betri heim. Fanney Karlsdóttir, varaformaður Festu, stýrði fundinum. SA eru tengiliður Íslands við Global Compact.

Áskoranir í loftslagsmálum

Hugi Ólafsson, skrifstofustjóri hafs, vatns og loftslags í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu flutti á dögnum erindi fyrir fullum sal af fulltrúum fyrirtækja í Húsi atvinnulífsins. Mikill áhugi er á loftslagsmálunum og spunnust ítarlegar umræður eftir kynningu Huga.

Hugi fjallaði m.a. um alþjóðasamninga um loftslagsamninga og sérstaklega um Parísarsamkomulagið frá 2015. Hann fór yfir alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og rakti uppsprettur og þróun losunar á Íslandi. Hann sagði jafnframt frá stefnu stjórnvalda og áætlunum í loftslagsmálum.

Sjá nánar

Kerfisáætlun Landsnets 2016-2025

Samtök atvinnulífsins efndu í desember til umræðufundar um kerfisáætlun Landsnets 2016-2025. Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdastjóri þróunar- og tæknisviðs Landsnets og Auður Magnúsdóttir, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá VSÓ Ráðgjöf kynntu áætlunina og svöruðu fyrirspurnum félagsmanna SA. Stjórnendur úr fjölbreyttum atvinnugreinum mættu til fundarins og fram fóru líflegar og upplýsandi umræður að loknum erindum Sverris og Auðar.





Rýnt í 2017

Árlegur hádegisverður Samtaka atvinnulífsins með fjölmiðlum var á þrettánda degi jóla þar sem rýnt var í komandi ár og stærstu verkefni framundan. Þar kom fram að Íslendingar nytu velgengni og flestir mælikvarðar gæfu tilefni til bjartsýni. Árið 2017 ætti því að geta orðið farsælt en mikilvægasta verkefnið væri að tryggja árangurinn í sessi svo hann glútrist ekki niður.

Árið 2017 ætti að verða farsælt

Árangur og ábyrg fyrirtæki

Árleg ráðstefna Festu og SA um samfélagsábyrgð fyrirtækja fór fram í Hörpu undir lok janúar. Ráðstefnan var fjölsótt og heppnaðist vel en sérstakur gestur ráðstefnunnar var Georg Kell fyrsti framkvæmdastjóri Global Compact – sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð. Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, setti ráðstefnuna fyrir hönd samtakanna og sagði frá auknum áhuga íslenskra fyrirtækja á því að taka samfélagsábyrgð föstum tókum með því að skrifa undir Global Compact.

Samantekt á vef Festu

Skattadagurinn 2017

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, lagði fram tékklista fyrir nýjan fjármálaráðherra á árlegum skattadegi Deloitte, SA og Viðskiptaráðs. Þar kom m.a. fram að á þessu ári vinna Íslendingar ellefu dögum lengur fyrir hið opinbera en þeir gerðu árið 2009. Ísland væri háskattaland og það sé ekkert svigrúm til skattahækkana á komandi misserum.

Menntadagur atvinnulífsins 2017

Menntadagur atvinnulífsins 2017 fór fram á Hilton Reykjavík Nordica fimmtudaginn 2. febrúar. Máltækni og framtíð íslenskunnar í stafrænum heimi var í kastljósinu en yfir 300 manns úr atvinnulífi, stjórnámum og menntakerfinu tóku þátt.

Tungumálið er í hættu vegna nýrrar tækni en fólk mun nota röddina í auknum mæli til að stýra hvers kyns tækjum og tólum á næstu árum en vandinn er sá að tækin skilja ekki íslensku.

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, afhenti Menntaverðlaun atvinnulífsins. Alcoa Fjarðaál er menntafyrirtæki ársins en Keilur er menntasproti ársins 2017.

Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá. Björgólfur Jóhannson, formaður SA, ávarpaði fundinn, ásamt Kristjáni Þór Júlíussyni, menntamálaráðherra, Eiríki Rögnvaldssyni, prófessor við Háskóla Íslands, Birnu Ósk Einarsdóttur, framkvæmdastjóri sölu og þjónustu hjá Símanum, Þórarni Eldjárn, rithöfund og skáldi og Jóni Guðnasyni, lektor við Háskólann í Reykjavík.

Að lokinni sameiginlegri dagskrá var boðið upp á frekari umræðu í málstofum. Uptaka frá deginum er aðgengileg í Sjórnvarpi atvinnulífsins.

Horfðu á Menntadag atvinnulífsins

Menntadagur atvinnulífsins er samstarfsverkefni Samorku, Samtaka ferðaþjónustunnar, Samtaka fjármálafyrirtækja, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka iðnaðarins, Samtaka verslunar og þjónustu og Samtaka atvinnulífsins.





Erlend fjárfesting jákvæð fyrir Íslendinga

Á undanföllum árum hefur erlend fjárfesting á Íslandi aukist og skapað fjölbreytt störf í ólíkum atvinnugreinum. Gera þarf betur því aukin erlend fjárfesting styrkir efnahagslífið og bætir lífskjör landsmanna. Þetta kom fram á opnum fundi Samtaka iðnaðarins, Íslandsstofu og Samtaka atvinnulífsins 15. febrúar þar sem leitað var svara við því hvort erlend fjárfesting væri böf eða blessun?

Stutta samantekt frá fundinum og kynningar frummælenda má nálgast á vef SA ásamt greiningu efnahagssviðs SA á erlendri fjárfestingu.

[Sjá nánar](#)

Hvað segir Google um Ísland?

Á morgunverðarfundi Amerísk-Íslenska viðskiptaráðsins og Samtaka atvinnulífsins, þann 7. mars í Hörpu, var kynntur til sögunnar sá Íslendingur sem þekkir hvað best til nýsköpunar tæknirisanna Google og Apple.

Guðmundur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri vöruþróunar hjá Google Assistant, lýsti því nýsköpunarumhverfi sem hann býr við hjá Google í Kísildalnum í Kaliforníu og hvað Íslendingar geti gert betur. Jafnframt rýndi hann í áskoranir Íslands gagnvart þeirri tæknibyltingu sem stendur yfir á sviði raddstýringar alls kyns tækja og tóla.

Að loknu erindi Guðmundar ræddu Ragnheiður H. Magnúsdóttir og Þorvarður Sveinsson um stöðuna á Íslandi og tækifærin framundan. Ragnheiður er formaður tækninefndar Vísinda- og tækniráðs og formaður Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja. Ragnheiður er einnig varaformaður Tækniþróunarsjóðs og er í framkvæmdatrymi Marel. Þorvarður er yfirmaður stefnumótandi verkefna hjá Vodafone.

[Sjá nánar](#)

Umræðufundur með umhverfis- og auðlindaráðherra

Björt Ólafsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra heimsótti Hús atvinnulífsins í mars og ræddi áherslumál sín og helstu verkefni

ráðuneytisins. Að loknu erindi Bjartar spunnust líflegar umræður um loftslagsmál, hlutverk fyrirtækja, náttúruvernd og þjóðgarða, orkuflutning, úrgangsmál og rammaáætlun.

Ársskýrsla SA

Ársskýrsla Samtaka atvinnulífsins 2015-2016 var gefin út í rafrænu formi 7. apríl. Þar er að finna greinargott yfirlit yfir starfsemi SA á liðnu starfsári. Í skýrslunni er ítarleg umfjöllun um vinnumarkaðinn, kjaradeilur og vinnu við nýtt vinnumarkaðslíkan. Meðal annars er fjallað um efnahagsmál, menntamál, starfsskilyrði atvinnulífsins og samfélagsábyrgð auk fjölda viðburða sem samtökin stóðu fyrir.

[Rafrænt eintak skýrslunnar má nálgast hér](#)

Sjónvarp atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins hafa komið sér fyrir á Vimeo. Í Sjónvarpi atvinnulífsins er nú að finna á annað hundrað innslaga og upptökur af erindum frá stærri viðburðum SA og hefur það mælst vel fyrir. Kveiktu á varpinu!

[Sjónvarp atvinnulífsins á Vimeo](#)



STÖRF STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Samtök atvinnulífsins

Stjórn SA kom sex sinnum saman á starfsárinu. Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar voru eftirfarandi kosin í framkvæmdastjórn, auk Björgólfs Jóhannssonar formanns SA: Eyjólfur Árni Rafnsson, Guðrún Hafsteinsdóttir, Grímur Sæmundsen, Jens Garðar Helgason, Ólafur Rögnvaldsson, Margrét Sanders og Steinþór Pálsson. Guðrún Hafsteinsdóttir var kosin varaformaður. Þá var skipað í kjörstjórn og stjórn Vinnudeilusjóðs fyrir tímabilið 2016-2017.

Á starfsárinu var tíðindalítið framan af á vettvangi kjarasamninga og voru önnur mál því ofar á baugi, en langvinnt sjómannaverkfall yfirskygðði þó annað á því sviði. Stjórnin fjallaði um vinnudeilur grunnskólakennara og flugumferðarstjóra og skýrslu norska hagfræðiprófessorsins Steinars Holden um nýtt íslenskt kjarasamningalíkan, sem unnin var að beiðni Salek hópsins svonefnda.

Stjórnin fjallaði um fimm ára ríkisfjármálaáætlun og áleit að í henni fælust áform um of mikla aukningu opinberra útgjalda. Þá gagnrýndi stjórnin peningastefnu Seðlabankans og taldi að hún stuðlaði að ofrisi krónunnar og óhjákvæmilegu gengisfalli í kjölfarið.

Stjórnin vann að breytingum á reglum um tilnefningar SA í stjórnir lífeyrissjóða með það markmið að gera ferlið opnara og gagnsærra. Breyttar reglur voru samþykktar samhljóða og tóku gildi 1. janúar 2017. Þessu tengt var fjallað um hugsanlegar breytingar á kjarasamningi ASÍ og SA um skipan í stjórnir lífeyrissjóða til að styrkja þær og tryggja fjölbreytta reynslu, þekkingu og mennun stjórnarmanna.



Stjórnin ákvað að hvetja atvinnurekendur að greiða sömu laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf án tillits til kyns á kvennafrídeginum 24. október. Var það gert með heilsíðu auglýsingum í blöðum.

Fjallað var um endurskoðun búvörulaga.

Stjórnin lýsti vonbrigðum með að samkomulag stjórnvalda við SA í janúar 2016 um lækkan tryggingargjalds í þremur áföngum árin 2016-2018 hafi ekki gengið eftir nema fyrsti áfangi. SA munu áfram þrýsta á stjórnvöld um að standa við samkomulagið.



Framkvæmdastjórn SA

Framkvæmdastjórnin kom átta sinnum saman á starfsárinu 2016-2017. Framkvæmdastjórnin fjallaði um kerfisbreytingar á íslenska vinnumarkaðslíkaninu í tengslum við skýrslu Steinars Holden fyrir Salek hópinn. Einnig var fjallað um yfirstandandi viðræður við ASÍ um breytingar á kjarasamningi aðila um lífeyrismál og fyrirhugaðar viðræður um vinnutímaákvæði kjarasamninga. Þá var fjallað um kjarasamninga sem gerðir voru á tímabilinu; við flugumferðarstjóra, bankamenn, flugfreyjur, flugumsjónarmenn og sjómenn. Að auki var fjallað um ávarðanir kjararáðs um hækkun launa þingmanna og fleiri.

Framkvæmdastjórnin fjallaði um losun hafta og peningastefnuna og afleiðingar af hávaxtastefnu Seðlabankans og mikillar styrkingar krónunnar.

Framkvæmdastjórnin vann að endurskoðun reglna SA um tilnefningar í stjórnir lífeyrissjóða og ákvað eftir það að leggja fram tillögur fyrir stjórn SA sem samþykkti þær samhljóða í janúar 2017.

Ákveðið var að gera ítarlega viðhorfskönnun um traust og skynjun almennings á atvinnulífinu. Niðurstöður hennar voru jákvæðar að

flestu leyti. SA, VÍ og ASÍ njóta ámóta trausts og hefur það ekki breyst mikið undanfarin ár.

Ákveðið var að setja upp röð framkvæmdastjórnarfundna á landsbyggðinni og var sá fyrsti á Eskifirði. Ákveðið var að næsti fundur yrði á Snæfellsnesi með vorinu.

Fjallað var um starfsskilyrði einkarekinna heilbrigðisfyrirtækja sem eru ekki nægilega góð þrátt fyrir augljósan ávinning af samkeppni í formi aukinnar skilvirkni.

Í ágúst 2017 lét Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA, af störfum. Framkvæmdastjórnin réð eftir vandaðan undirbúning Halldór Benjamín Þorbergsson sem tók til starfa í janúarbyrjun 2017.

Samþykkt var fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 þar sem gert er ráð fyrir 30 m.kr. tekjum umfram rekstrargjöld.

Fjallað var um keðjuábyrgð og leiðir til að sporna gegn kennitölulakki og var ákveðið að SA hefði frumkvæði í málinu með viðræðum við ASÍ.

Verkefnið Litla Ísland var til umfjöllunar og ákveðið að setja því fjárhagsramma og ýta úr vör á ný. Miklar væntingar eru gerðar til Litla Íslands.

Framkvæmdastjórnin samþykkti tillögu um skipulagsbreytingar á skrifstofu SA sem fólust í sameiningu mennta- og nýsköpunarsviðs og samkeppnishæfnisviðs, þannig að sviðum SA fækki úr fjórum í þrjú.

Framkvæmdastjórnin hóf umræður um hugsanlegar breytingar í skipulagi SA og aðildarfélaga við innleiðingu nýs vinnumarkaðslíkans.

Framkvæmdastjórnin samþykkti að máltækni verði sérstakt áhersluverkefni SA.

Skrifstofa SA

Nokkrar breytingar hafa orðið á skrifstofu Samtaka atvinnulífsins á starfsárinu. Tryggvi Mátsson viðskiptafræðingur var ráðinn sem sérfræðingur á efnahagssvið SA auk þess sem Sólveig B. Gunnarsdóttir lögfræðingur var ráðin til starfa á vinnumarkaðssvið samtakanna.

Ólafur Garðar Halldórsson, sem áður starfaði á efnahagssviði SA er nú almennur hagfræðingur SA og Bergþóra Halldórsdóttir sem starfaði á vinnumarkaðssviðinu flutti sig um set og gegnir nú starfi verkefnastjóra samkeppnishæfni.

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir létu af störfum sl. haust til að bjóða sig fram til Alþingis. Í kjölfarið voru svið samkeppnishæfni- og menntunar- og nýsköpunarsvið sameinuð undir forystu Péturs Reimarssonar. Nýr framkvæmdastjóri SA, Halldór Benjamín Þorbergsson, var ráðinn í desember og hóf störf í byrjun ársins 2017.

Rekstrarfélag Húss atvinnulífsins

Tveir nýir starfsmenn gengu til liðs við rekstrarfélag Húss atvinnulífsins á starfsárinu, Guðrún Guðmannsdóttir og Árný Hekla Marinósdóttir. Berglind Guðjónsdóttir flutti sig um set og starfar nú fyrir Samtök iðnaðarins.



SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Samtök atvinnulífsins (SA) eru heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda og málsvari þeirra í almennum hagsmunamálum atvinnulífsins. Heildarvelta samtakanna 2016 nam 650,6 millj. kr., þar af voru tekjur þjónustudeildar vegna innheimtu og umsýslu árgjalda um 138,4 millj. kr. Hagnaður ársins nam 12,9 millj. kr. samanborið við 34,3 millj. kr. tap árið 2015.


Stjórnin vísar til skýringar nr. 10 um ráðstöfun á hagnaði ársins.

Það er álit stjórnar samtakanna að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun samtakanna, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2016 með undirritun sinni.


Reykjavík, 28. mars 2017

Stjórn:



Handwritten signatures of the Board members, including names like Þjóðfélagsráðgjafi, Guðrún Ljótveit, and others.

Framkvæmdastjóri:



Handwritten signatures of the Executive Director, including names like Helga Þorgerðsdóttir, Lúía B. Einarsdóttir, and others.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar Samtaka atvinnulífsins

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka atvinnulífsins fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samtakanna 31. desember 2016 og afkomu þeirra og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð samtökunum í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samtakanna og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samtökin upp eða hætta starfsemi þeirra, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samtakanna.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA, FRAMHALD

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samtakanna. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samtökin órekstrarhæf.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 28. mars 2017


KPMG ehf.

Cuoný D.P. Cuomundsdóttir

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2016

	2016	2015
Rekstrartekjur		
Tekjur vegna árgjalda aðildarfélaga	493.084.241	444.833.531
Tekjur vegna þjónustudeildar	138.394.891	120.380.688
Aðrar tekjur	19.142.608	10.426.733
	<u>650.621.740</u>	<u>575.640.952</u>
Rekstrargjöld		
Laun og launatengd gjöld	419.790.369	396.663.753
Skrifstofu - og stjórnunarkostnaður	102.197.657	83.427.879
Annar rekstrarkostnaður	105.314.628	119.861.948
Afskriftir	16.474.176	14.576.973
	<u>643.776.830</u>	<u>614.530.553</u>
Rekstrarhagnaður (tap)	6.844.910	(38.889.601)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur	8.057.422	5.859.284
Vaxtagjöld	(1.693.923)	(1.290.264)
Gengishagnaður (tap)	(272.297)	27.997
	<u>6.091.202</u>	<u>4.597.017</u>
Hagnaður (tap) ársins	<u>12.936.112</u>	<u>(34.292.584)</u>

Árgjöld 2016 eftir aðildarfélögum



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2016

	2016	2015
Eignir		
Óefnislegar eignir		
Vefsíða SA	3.152.676	5.143.839
	<u>3.152.676</u>	<u>5.143.839</u>
 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Fasteign, Borgartún 35	98.474.852	101.131.824
Sumarhús	3.240.631	3.333.221
Bífreið	2.775.000	3.675.000
Tölvubúnaður, innréttingar og skrifstofuáhöld	22.870.816	31.252.947
	<u>127.361.298</u>	<u>139.392.992</u>
 Áhættufjármunir og langtímakröfur		
Eignarhlutir í félögum	250.000	25.250.000
	<u>250.000</u>	<u>25.250.000</u>
Fastafjármunir samtals	130.763.974	169.786.831
 Viðskiptakröfur	62.793.105	151.465.644
Krafa á tengda aðila	0	251.854
Handbært fé	306.067.945	179.830.246
Veltufjármunir samtals	<u>368.861.050</u>	<u>331.547.744</u>
Eignir samtals	<u>499.625.024</u>	<u>501.334.575</u>
 Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	378.975.509	366.039.397
Eigið fé samtals	<u>378.975.509</u>	<u>366.039.397</u>
 Skammtímaskuldir		
Ýmsar skammtímaskuldir	62.113.078	70.422.333
Fyrirfram innheimt vegna verkefnið Áttin	9.805.830	19.352.145
Skuld við tengda aðila	48.730.607	45.520.700
Skuldir samtals	<u>120.649.515</u>	<u>135.295.178</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>499.625.024</u>	<u>501.334.575</u>

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRIÐ 2016

	2016	2015
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður (tap) samkvæmt rekstrarreikningi	12.936.112	(34.292.584)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Söluhagnaður eignarhlutar í félagi	(4.683.982)	0
Afskriftir	16.474.176	14.576.973
Veltufé frá (til) rekstrar	<u>24.726.306</u>	<u>(19.715.611)</u>
 Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:		
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	88.672.539	(42.756.146)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(17.855.570)	18.571.092
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	<u>70.816.969</u>	<u>(24.185.054)</u>
 Handbært fé frá (til) rekstrar	95.543.275	(43.900.665)
 Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(2.451.320)	(36.659.699)
Seldur eignarhlutar í félagi	29.683.983	0
Tengdir aðilar, breyting	3.461.761	40.499.449
Fjárfestingarhreyfingar	<u>30.694.424</u>	<u>3.839.750</u>
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	126.237.699	(40.060.915)
 Handbært fé í ársbyrjun.....	179.830.246	219.891.161
 Handbært fé í lok ársins	<u><u>306.067.945</u></u>	<u><u>179.830.246</u></u>

REKSTRARREIKNINGUR DEILDARSKIPTUR


	SA	Þjónustudeild	Samtals
Rekstrartekjur			
Tekjur vegna árgjalda aðildarfélaga	493.084.241	0	493.084.241
Tekjur vegna þjónustudeildar	0	138.394.891	138.394.891
Aðrar tekjur	13.369.354	5.773.254	19.142.608
	<u>506.453.595</u>	<u>144.168.145</u>	<u>650.621.740</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	333.462.456	86.327.913	419.790.369
Skrifstofu - og stjórnunarkostnaður	60.759.250	41.438.407	102.197.657
Annar rekstrarkostnaður	92.716.926	12.597.702	105.314.628
Afskriftir	12.690.490	3.783.686	16.474.176
	<u>499.629.122</u>	<u>144.147.708</u>	<u>643.776.830</u>
Rekstrarafkoma	6.824.473	20.437	6.844.910
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	8.057.422	0	8.057.422
Vaxtagjöld	(1.673.486)	(20.437)	(1.693.923)
Gengishagnaður (tap)	(272.297)	0	(272.297)
	<u>6.111.639</u>	<u>(20.437)</u>	<u>6.091.202</u>
Hagnaður ársins	<u>12.936.112</u>	<u>0</u>	<u>12.936.112</u>

VINNUDEILUSJÓÐUR

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2016

	2016	2015
Rekstrartekjur		
Árgjöld aðildarféлага	52.303.973	47.812.984
Húsaleiga	18.738.176	18.051.903
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(178.747.606)	281.465.956
Aðrar tekjur	483.871	24.700.628
	<u>(107.221.586)</u>	<u>372.031.471</u>
Rekstrargjöld		
Rekstrarkostnaður húsnæðis	23.558.231	23.182.877
Póknun vegna fjárvörslu	4.500.000	4.500.000
Annar rekstrarkostnaður	12.598.856	9.190.639
	<u>40.657.087</u>	<u>36.873.516</u>
(Tap) hagnaður ársins	<u><u>(147.878.673)</u></u>	<u><u>335.157.955</u></u>

Skipting verðbréfaeignar Vinnudeilusjóðs 31.12.2016



368 m.kr. af 2.876 m.kr. eign sjóðsins eru bundnar í fasteigninni Borgartúni 35, en aðrar eignir eru ávaxtaðar í innlendum og erlendum verðbréfum. Nafnávöxtun verðbréfa var -6,6% og raunávöxtun -8,6%.

VINNUDEILUSJÓÐUR

EFNAHAGSREIKNINGUR ÁRSINS 2016

	2016	2015
Eignir		
Fasteign	367.661.719	362.223.668
Áhöld, tæki og innréttingar	12.975.098	16.319.745
Fastafjármunir samtals	<u>380.636.817</u>	<u>378.543.413</u>
Eignarhlutur í dótturfélagi	1.254.035	2.303.070
Verðbréf með breytilegum tekjum	1.535.082.010	1.728.494.742
Verðbréf með föstum tekjum	728.303.563	579.412.577
Áhættufjármunir samtals	<u>2.264.639.608</u>	<u>2.310.210.389</u>
Krafa á dótturfélag	40.771.553	39.815.851
Krafa á tengda aðila	48.635.622	45.520.700
Viðskiptakröfur	3.290.246	47.080.862
Handbært fé	137.528.989	204.607.960
Veltufjármunir samtals	<u>230.226.410</u>	<u>337.025.374</u>
Eignir samtals	<u><u>2.875.502.835</u></u>	<u><u>3.025.779.176</u></u>
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	2.813.347.623	3.022.871.853
Eigið fé samtals	<u>2.813.347.623</u>	<u>3.022.871.853</u>
Skuldir		
Skuldbinding vegna fjármagnstekjuskatts	61.645.557	0
Ýmsar skammtímaskuldir	509.655	2.907.323
Skuldir samtals	<u>62.155.212</u>	<u>2.907.323</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>2.875.502.835</u></u>	<u><u>3.025.779.176</u></u>

